

Stjórnartíðindi

2004 - B-deild - B132-135

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 132-135

Nr. 860-884

2004

Efnisyfirlit B 132–135 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
860	28. okt.	Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 939/2003 um útreikning, endurreikning og uppgjör tekjutengdra bóta og vistunarframlags frá Tryggingastofnun ríkisins	2113-2114
861	28. okt.	Auglýsing um (2.) breytingu á gjaldskrá nr. 898/2002 fyrir tannlækningar veittar sjúklingum sem tryggðir eru samkvæmt almannatryggingalögum	2115
862	27. okt.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 719, 27. september 2001, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Vestfjarðamiðum án smáfiskaskilju	2115
863	28. okt.	Reglugerð um sérstök línu- og netasvæði	2116
864	28. okt.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 830, 28. nóvember 2002, um síldveiðar með vörpu	2117
865	29. okt.	Gjaldskrá til innheimtu kostnaðar vegna eftirlits með eldi nytjastofna sjávar	2118
866	2. nóv.	Reglugerð um bann við línuveiðum á sunnanverðum Breiðafirði	2119
867	2. nóv.	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi á Akureyri	2120
868	27. sept.	Prófareglur fyrir Háskólann á Akureyri	2121-2125
869	25. okt.	Reglugerð um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins	2125-2133
870	28. okt.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 748/2003 um snyrtivörur	2134-2145
871	28. okt.	Reglugerð um ferðakostnað sjúkratryggðra og aðstandenda þeirra innanlands	2145-2147
872	25. okt.	Reglur um fjárhagsaðstoð félagsþjónustu Austur-Húnavatnssýslu	2148-2155
873	29. okt.	Auglýsing um deiliskipulag Skógarlanda 3, Egilsstöðum	2155
874	22. okt.	Auglýsing um starfsreglur kirkjuþings um leikmannastefnu	2156-2157
875	27. sept.	Reglur um breytingu á reglum nr. 888/1999 fyrir Háskólann á Akureyri	2158
876	22. okt.	Auglýsing um starfsreglur kirkjuþings um brottfall starfsreglna um fræðslu fyrir leikmenn innan kirkjunnar nr. 823/2000	2158-2159
877	22. okt.	Auglýsing um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998	2159
878	26. okt.	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Hafnarfirði	2160
879	28. okt.	Reglugerð um Skaftafellspjóðgarð	2160-2165
880	5. okt.	Starfsreglur stjórnar Tryggingastofnunar ríkisins	2166
881	28. okt.	Auglýsing ríkisskattstjóra nr. 12/2004 um framlengingu á fresti skattstjóra til að úrskurða kærur vegna álagningar opinberra gjalda einstaklinga 2004	2167

STJÓRNARTÍÐINDI B 132 – 2004

28. október 2004

2113

Nr. 860

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 939/2003 um útreikning, endurreikning og uppgjör tekjutengdra bóta og vistunarframlags frá Tryggingastofnun ríkisins.

1. gr.

Við upptalninguna í 2. gr. bætist eftirfarandi:

Tekjur: Til tekna samkvæmt reglugerð þessari teljast tekjur eins og þær eru skilgreindar í 2. mgr. 10. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum. Tekjur sem aflað er erlendis og ekki eru taldar fram hér á landi, skulu sæta sömu meðferð gangvart bótaútreikningi, og væri þeirra aflað hér á landi.

2. gr.

Við 4. gr. bætast þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Ef um nýja umsókn um bætur er að ræða skulu tekjur áætlaðar á grundvelli upplýsinga frá þeim aðilum sem getið er um í 1. mgr. 3. gr. Hafa skal tekjur síðastliðins árs og þess sem af er yfirstandandi ári fram að þeim tíma er umsókn barst Tryggingastofnun ríkisins til hliðsjónar.

Tryggingastofnun ríkisins er þó heimilt, þegar einstaklingur leggur inn nýja umsókn um bætur frá stofnuninni, að miða útreikning bóta eingöngu við þær tekjur sem áætlað er að aflað verði eftir að bótaréttur stofnast. Unnt er að beita heimild þessari bæði um nýja umsókn um örorkubætur/endurhæfingarlífeyri, og um nýja umsókn um ellilífeyri hjá sama einstaklingi, enda sé ekki um samfellt bótatímabil að ræða. Heimildinni verður þó eingöngu beitt einu sinni um útreikning greiðslna hvors bótaflokks fyrir sig.

Fjármagnstekjum skal ávallt skipt til helminga milli hjóna við útreikning bóta. Skiptir ekki máli hvort hjónanna er eigandi þeirra eigna sem mynda tekjurnar eða hvort um séreign eða hjúskapareign er að ræða.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr.:

a) Við 2. mgr. bætist nýr málslíður sem orðast svo:

„Hafi heimild í 4. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar verið beitt, skal endurreikningur bótafjárhæða ársins taka mið af sömu forsendum og þar eru lagðar til grundvallar.“

- b) Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo:
„Fjármagnstekjum skal ávallt skipt til helminga milli hjóna við útreikning bóta. Skiptir ekki máli hvort hjónanna er eigandi þeirra eigna sem mynda tekjurnar eða hvort um séreign eða hjúskapareign er að ræða.“
- c) 1. másl. 3. mgr. (sem verður 4. mgr.) fellur brott.
- d) Í 2. másl. 3. mgr. (sem verður 4. mgr.) fellur brott orðið „þennan“ og á eftir orðinu „endurreikning“ komi orðið „bóta“.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr.:

- a) Heiti greinarinnar orðist svo: „Endurreikningur bóta við breyttar aðstæður innan bótagreiðsluárs“.
- b) Við 1. másl. a-liðar 1. mgr. bætast orðin „samkvæmt lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda“.
- c) Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein sem orðast svo:
„Við endurreikning bóta til þeirra sem bótaréttur breytist hjá í kjölfar breyttra aðstæðna, sbr. 2. mgr. 7. gr., gildir eftirfarandi:
- a) Byggja skal á upplýsingum úr staðgreiðsluskrá skattyfirvalda þegar um er að ræða tekjur sem eru staðgreiðsluskyldar samkvæmt lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda. Ef bótagreiðsluár skiptist í tvö eða fleiri útreikningstímabili skal endurreikningur bóta taka mið af því á hvaða tímabili þessar tekjur eru skráðar í staðgreiðsluskrá.
- b) Aðrar tekjur en þær sem greinir í a-lið 2. mgr. skulu hafa áhrif á endurreikning bóta í hlutfalli við fjölda þeirra mánaða sem tilheyra hverju tímabili. Þegar hjúskap eða sambúð er slitið á bótagreiðsluári er þó heimilt að undanskilja þessar tekjur að hluta eða öllu leyti við endurreikning tímabilsins eftir að hjúskaparstaða breyttist.“

5. gr.

Við 13. gr. bætist ný málsgrein sem orðast svo:

„Endurreikningur vistunarframlags skal fara fram í fyrsta skipti eftir álagningu opinberra gjalda árið 2005.“

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 10. gr., sbr. 66. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, 2. mgr. 15. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, og 29. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 28. október 2004.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

AUGLÝSING

um (2.) breytingu á gjaldskrá nr. 898/2002 fyrir tannlækningar veittar sjúklingum sem tryggðir eru samkvæmt almannatryggingalögum.

1. gr.

Fjárhæðir í gjaldskrá nr. 898/2002, með síðari breytingum, skulu hækka um 4% frá og með 1. nóvember 2004.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 27. gr., 37. gr., c-lið 33. gr., sbr. síðustu málsgrein 36. gr. og 66. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 (með síðari breytingum) og öðlast gildi frá og með 1. nóvember 2004.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 28. október 2004.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 719, 27. september 2001, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Vestfjarðamiðum án smáfiskaskilju.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar er felld úr gildi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 29. október 2004.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. október 2004.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um sérstök línu- og netasvæði.

1. gr.

Frá og með 5. nóvember 2004 til og með 31. desember 2004, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði suður af Reykjanesskaga, sem að austan markast af línu sem dregin er frá Selvogsvita í punkt 63°30'N, 21°39'V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er úr punkti 63°30'N, 21°39'V í punkt 63°40'N, 22°32'V. Að vestan markast svæðið af línu sem dregin er úr punkti 63°40'N, 22°32'V réttvísandi norður að Staðarbergi.

2. gr.

Frá og með 5. nóvember 2004 til og með 30. apríl 2005, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu sem dregin er réttvísandi 270° frá Sandgerðisvita. Að vestan markast svæðið af 23°42'V og að norðan af 64°20'N.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. október 2004.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 133 – 2004

28. október 2004

2117

Nr. 864

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 830, 28. nóvember 2002, um síldveiðar með vörpu.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo: Þrátt fyrir 2. málslíð 2. gr. er heimilt að stunda síldveiðar með vörpu á eftirgreindum svæðum:

1. Utan 12 sjómílna frá viðmiðunarlínu á svæði fyrir Vestfjörðum, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Blakknesi og norðan af línu, sem dregin er réttvísandi í norðvestur frá Straumnesvíta.
2. Á svæði austnorráustur af Héraðsflóa, sbr. reglugerð nr. 724, 24. október 2002, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu austnorráustur af Héraðsflóa án smáfiskaskilju.
3. Á svæði úti fyrir Suðausturlandi austan 12°50'V, sbr. reglugerð nr. 362, 22. maí 2003, um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 807, 30. október 2003 um breytingu á reglugerð nr. 830, 28. nóvember 2002, um síldveiðar með vörpu.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. október 2004.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

GJALDSKRÁ

til innheimtu kostnaðar vegna eftirlits með eldi nytjastofna sjávar.

1. gr.

Þeir sem haft hafa rekstrarleyfi Fiskistofu til eldis nytjastofna sjávar frá 1. september 2003 til 31. ágúst 2004 greiði fast eftirlitsgjald og skal greiðslan innt af hendi eigi síðar en 1. nóvember 2004. Þeir sem höfðu rekstrarleyfi hluta af tímabilinu greiði fast eftirlitsgjald í hlutfalli þess tíma miðað við 40.000 kr. fyrir 365 daga.

Upphæð gjaldsins er sem hér segir:

Eldisstöðvar með leyfi til minni ársframléiðslu en 200 tonn greiði kr. 40.000.

Eldisstöðvar með leyfi til meiri ársframléiðslu en 200 tonn greiði kr. 50.000.

2. gr.

Eindagi eftirlitsgjalda skv. 1. gr. er 2. nóvember 2004 og varða vanefndir afturköllun rekstrarleyfa viðkomandi aðila.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er af sjávarútvegsráðuneytinu að fengnum tillögum Fiskistofu, með heimild í 7. gr. laga nr. 33/2003 um eldi nytjastofna sjávar og 25. gr. reglugerðar nr. 238/2003 sem sett var á grundvelli þeirra laga, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. október 2004.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 134 – 2004

2. nóvember 2004

2119

Nr. 866

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum á sunnanverðum Breiðafirði.

1. gr.

Frá og með 6. nóvember 2004 eru allar línuveiðar bannaðar sunnan línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 64° 54'00 N – 23° 58'00 V
2. 64° 57'00 N – 23° 55'00 V
3. 64° 58'00 N – 23° 39'00 V
4. 65° 05'00 N – 23° 20'00 V
5. 65° 07'00 N – 23° 00'00 V
6. 65° 11'00 N – 22° 48'00 V
7. 65° 16'00 N – 22° 48'00 V
8. 65° 16'00 N – 22° 24'50 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. nóvember 2004.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi á Akureyri.

1. áfangi Naustahverfis.

a) Stækkun byggingarreita við Klettatún.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 21. september 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis. Breytingin felst í stækkun byggingarreita á lóðunum nr. 1-9 og 11-19 við Klettatún til vesturs, norðurs og suðurs, þannig að þeir verða 14 x 51,75 m í stað 12 x 50 m.

Sveitarstjórn hefur lýst því yfir að hún taki að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunni að verða fyrir vegna ofangreindra breytinga.

b) Breytt húsgerð við Skálatún.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 26. ágúst 2004 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi J-reita við Skálatún. Breytingin felst í því að í stað eins einbýlishúss og parhúss á hverjum reit komi einnar hæðar raðhús með þremur íbúðum og innbyggðum bílskúrum.

Ofangreindar deiliskipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

Íbúðarsvæði sunnan Reynilundar.

Skv. skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarráð Akureyrar í umboði bæjarstjórnar á fundi sínum 26. ágúst 2004 samþykkt breytingar á deiliskipulagi íbúðarsvæðis sunnan Reynilundar sem samþykkt var í desember 2002.

Breytingarnar taka til suðvesturhluta svæðisins, þar sem skv. fyrri deiliskipulagi var gert ráð fyrir tveimur lóðum fyrir 3 sambyggð fjölbýlishús á hvorri. Eftir breytingu verða húsin stakstæð á fjórum lóðum, auk sameiginlegrar lóðar Grenilundar 2 og Bjarkarlundar 1 fyrir leiksvæði. Kvöð um almennar gangstéttar innan lóða fellur út.

Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagsbreytingarnar taka þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður auglýst skipulagsbreyting skv. samþykkt bæjarstjórnar 2. september 2003.

Akureyri, 2. nóvember 2004.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.

PRÓFAREGLUR

fyrir Háskólann á Akureyri.

1. Almenn.

- a) Próf eru haldin í lok hvors kennslumisseris og í síðustu viku fyrir upphaf haustmisseris. Tímasetning sjúkra- og endurtökuprófa skal ákvörðuð af háskólaráði og birt í almanaki háskólans.
- b) Einungis stúdentar sem hafa fallið eða verið veikir í reglulegu prófi eiga rétt á að taka sjúkra- og endurtökupróf og skal slíkt próf haldið þótt aðeins einn stúdent eigi rétt á og ætli sér að þreyta það.
- c) Háskólakennarar standa fyrir námsmati. Próf eru munnleg, skrifleg eða verkleg. Heimilt er að meta ritgerðir, skýrslur o.þ.h. í stað prófs eða sem hluta af námsmati. Um þetta skal vera samráð milli deildarforseta og hlutaðeigandi kennara og ákvörðun kunngerð stúdentum eigi síðar en við upphaf kennslu í viðkomandi námskeiði. Ef til breytinga á námsmati þarf að koma eftir að námskeið er hafið þarf samþykki meirihluta stúdenta í námskeiðinu og allra hlutaðeigandi kennara til þess að breytingar taki gildi.
- d) Við munnlegt og verklegt próf skal vera prófdómari. Við lokaverkefni skal ætíð vera prófdómari hvort sem það er munnlegt eða skriflegt. Með lokaverkefni er átt við sérstakt námskeið samkvæmt skilgreiningu í kennsluskrá. Við munnleg próf skal ætíð vera prófdómari. Annað námsmat dæma hlutaðeigandi kennarar einir. Háskólarektor skipar prófdómendur að fengnum tillögum háskóladeildar.
- e) Drög að próftöflum skulu liggja fyrir eigi síðar en fimm vikum fyrir próftímabil og endanlegar próftöflur eigi síðar en fjórum vikum áður en viðkomandi próftímabil hefst. Prófstjóri sér um að birta próftöflu öllum umsjónarkennurum sem próf eiga á töflunni og stúdentum.
- f) Ekki er heimilt að lengja eða stytta próftíma eftir að próf er hafið nema að ósk umsjónarkennara og með samþykki prófstjóra. Ef ófyrirsjáanleg truflun hefur orðið á framkvæmd prófs getur prófstjóri breytt próftíma og ber að tilkynna stúdentum það samtundis.
- g) Kennsluvið sér um færslu einkunna og varðveislu þeirra. Það sér um að birta stúdentum einkunnir.
- h) Hálfum mánuði eftir að síðasta einkunn hvers misseris birtist skal námsferill stúdenta vera þeim aðgengilegur.
- i) Að liðnu ári frá prófdegi skal úrlausnum eytt.

2. Prófstjóri.

Rektor ræður prófstjóra sem annast undirbúning og framkvæmd prófa í samráði við deildarforseta og kennsluvið.

Verksvið prófstjóra er (auk þess sem fram kemur í greinum 1 og 7):

- a) Að tryggja samræmingu á framkvæmd prófa í öllum deildum, að prófareglum sé framfylgt og að viðurlögum sé framfylgt séu prófareglur brotnar.
- b) Að vera tengiliður á milli kennslusviðs og umsjónarkennara.
- c) Að setja próf í stofur og skipuleggja yfirsetur.
- d) Að sjá um, í samvinnu við kennslusvið, að úrlausnir berist til viðkomandi umsjónarkennara.
- e) Að vera til ráðgjafar um framkvæmd prófa og túlkun prófareglna.
- f) Prófstjóri eða staðgengill hans skal vera tiltækur á meðan próf stendur yfir.
- g) Ekkert próf má halda án samráðs við prófstjóra.
- h) Prófstjóri lætur prófvörðum í té nákvæmar leiðbeiningar um starf sitt.
- i) Unni kennari, stúdent eða annar hlutadeigandi aðili ekki úrskurði prófstjóra skal ágrein-ingnum vísað til formanns kennsluráðs eða staðgengils hans til úrskurðar.

3. Umsjónarkennari.

Með hverju námskeiði skal vera umsjónarkennari.

Umsjónarkennari ber ábyrgð á:

- a) Að tilkynna öllum kennurum viðkomandi námskeiða um prófdaga um leið og próftafla liggur fyrir.
- b) Að prófspurningar berist til prófstjóra. Umsjónarkennari sér um að samræma prófspurningar innan sinna umsjónarnámskeiða og skilar þeim á tölvutæku formi eða tilbúnum til ljósritunar. Slíku prófi skal skilað til prófstjóra til fjölföldunar eigi síðar en þrem virkum dögum fyrir próf. Próf sem prófstjóra er afhent til fjölföldunar skal vera skýrt og greinilega prentað og spurningarnar númeraðar í samfelldri röð. Meginreglan er sú að kennarar setji próf sín upp sjálfir. Ef óunnu handriti er skilað inn skal fresturinn vera tíu dagar og kennari koma á skrifstofu prófstjóra og lesa prófið yfir þrem virkum dögum fyrir próf. Ef próf skiptist í hluta skal hver prófhluti hafa fyrirsögn og gildi hans í heildarprófinu gefið í heilum prósentum. Gildi hverrar spurningar sem heilt prósent af prófinu í heild skal gefið.
- c) Móttöku og kvittun fyrir móttöku úrlausna (strax að afloknu prófi) frá kennslusviði og að úrlausnir stúdenta berist til viðkomandi kennara strax að loknu prófi.
- d) Að reikna út lokaeinkunn stúdenta í námskeiði.
- e) Að einkunnir berist til kennslusviðs eigi síðar en á ellefta virka degi eftir prófdag og að úrlausnum verði skilað til kennslusviðs strax að loknum sýnidegi prófs.
- f) Að skipuleggja sýnidag prófs í samvinnu við kennara viðkomandi námskeiðs.
- g) Að vera tiltækur á meðan próf stendur yfir, en hann skal koma á prófstað innan klukku-stundar frá upphafi prófs ef auðið er.
- h) Að útvega í undantekningartilvikum og í samráði við prófstjóra staðgengil sinn í prófi.
- i) Að skila gögnum um verklegan eða annan mats- eða prófhluta í lok misseris til kennslusviðs sem kemur þeim áleiðis til þess kennara sem sér um endurtökunámskeið eða endurtökupróf.

4. Kennarar.

- a) Stúdent á rétt á að fá útskýringar á orðalagi prófspurninga. Kennari sem heldur próf skal vera tiltækur á meðan próf stendur yfir og koma á prófstað ef auðið er, sé þess óskað. Í undantekningartilfellum er kennara heimilt að verða sér úti um staðgengil með faglega þekkingu á prófsefninu. Sé staðgengill fenginn, þá ber kennara og staðgengli að fara í sameiningu yfir prófverkefnið fyrir próf. Skal umsjónarkennara og prófstjóra tilkynnt um staðgengilinn.
- b) Einkunnum úr einstökum prófhlutum skal skilað til umsjónarkennara á sérstöku eyðu-

bláði, sem kennaranum er afhent ásamt úrlausnunum, svo fljótt sem auðið er og aldrei síðar en tíu virkum dögum eftir að próf er haldið. Að liðinni prófsýningu skal umsjónarkennari koma úrlausnum til varðveislu hjá kennslusviði. Kennslusvið kvittar fyrir móttöku úrlausna.

- c) Þegar um er að ræða samsett próf (þ.e.: margir kennarar kenna hver sinn hluta náms-efnis) skal einkunnagjöf þannig háttað að kennari sem t.d. er með 15% prófs gefi fyrir sinn hluta prófsins í heilum stigum, allt að 15 stigum.

5. Stúdentar.

- a) Fyrir upphaf kennslutímabils velja stúdentar þau námskeið er þeir hyggjast sækja. Í upphafi kennslutímabils staðfesta stúdentar skráningu í þau námskeið er þeir sækja. Staðfesting á vali gildir sem innritun í próf sem haldið er að námskeiðinu loknu. Þeir sem ekki hafa innritað sig í námskeiðið með framangreindum hætti en hyggjast þreyta próf í viðkomandi grein skulu skrá sig skriflega í próf í síðasta lagi á lokadegi skráningar. Lokadagar skráninga eru ákveðnir af háskólaráði og birtir í almanaki skólans. Innritun í haustpróf og sjúkra- og endurtökupróf skal vera lokið eigi síðar en einni viku fyrir áætlaðan próftíma enda hafi umsjónarkennari þá skilað inn einkunn úr reglulegu prófi. Að öðrum kosti skal innritun lokið eigi síðar en einum degi eftir að einkunn er skilað inn. Ekki er hægt að skrá sig úr haustprófum né sjúkra- og endurtekningarprófum. Stúdent sem hyggst taka fleiri en eitt próf er falla á sama tíma skal koma upplýsingum um það til prófstjóra með viku fyrirvara, þannig að gera megi ráðstafanir til að taka megi prófin hvert á fætur öðru.
- b) Stúdent sem kemur ekki til prófs sem hann er skráður í og hefur ekki boðað forföll telst hafa þreytt prófið. Honum er þó ekki heimilt að skrá sig í endurtökupróf. Úrsögn úr prófi skal vera skrifleg og hafa borist kennslusviði eigi síðar en á lokadegi skráningar.
- c) Stúdent sem ekki mætir til prófs vegna veikinda, skal tilkynna forföll á prófdegi áður en próf hefst. Læknisvottorði skal skilað til kennslusviðs við fyrstu hentugleika og eigi síðar en fimm virkum dögum eftir að próf var haldið, annars telst hann hafa þreytt prófið. Það sama gildir ef stúdent mætir ekki í próf vegna veikinda barns.
- d) Nú stenst stúdent ekki próf og er honum þá heimilt að endurtaka það einu sinni án kostnaðar. Þurfi stúdent að taka prófið í þriðja sinn þá greiðir hann 4.000 kr. Eftir þriðju tilraun ber stúdent að greiða hálf skrásetningargjald, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 40/1999, fyrir hverja próftilraun. Greiðsla fer fram við skráningu í próf.
- e) Stúdent á rétt á að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Útskýringar á skriflegu mati fela í sér að kennari gefi stúdent upp sundurliðaðar einkunnir og útskýringar á hverri einkunn. Þar með talið einkunnir fyrir hverja spurningu í prófi. Vilji stúdent sem ekki hefur staðist próf eigi una mati kennarans getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta innan fjöggra vikna frá birtingu einkunna. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki sé ekki um lokaverkefni að ræða. Einnig getur kennari eða meirihluti stúdenta í viðkomandi námskeiði, telji þeir til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi. Prófdómari skal hafa lokið viðurkenndu fullnaðarprófi við háskóla í þeirri grein sem dæma skal eða hafa getið sér orðstír fyrir fræðimennsku í greininni. Kennari og prófdómari, ef tilkallaður er, dæma hvor um sig úrlausn í prófgrein. Hvor um sig gefur sjálfstætt einkunn fyrir úrlausnina og gilda þær jafnt í einkunnagjöf. Ef niðurstaða prófs hefur verið kærð þá gildir einkunn prófdómara 75% og einkunn kennara 25%.
- f) Hafi stúdent staðist próf getur hann óskað eftir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, að fá að endurtaka prófið. Heimili deildarfundur/deildarráð endurtöku skal hún fara fram í næsta skipti sem viðkomandi próf er haldið. Seinni einkunnin skal gilda.

- g) Stúdent skal hafa með sér, og láta liggja á borði sínu í prófi, skilríki með mynd.
- h) Hver stúdent hefur rétt til að sitja próf í þeim námskeiðum sem hann kys svo framarlega sem reglur deildar, uppbygging námsmats umsjónarkennara eða prófareglur hindra það ekki.

6. Einkunnir.

- a) Einkunnir eru í heilum og hálfum tölum frá 1 – 10 og skulu gefnar svo sem hér segir:

0 - 12%	gefur einkunnina	1
13 - 17%	"	1,5
18 - 22%	"	2
23 - 27%	"	2,5
28 - 32%	"	3
33 - 37%	"	3,5
38 - 42%	"	4
43 - 47%	"	4,5
48 - 52%	"	5
53 - 57%	"	5,5
58 - 62%	"	6
63 - 67%	"	6,5
68 - 72%	"	7
73 - 77%	"	7,5
78 - 82%	"	8
83 - 87%	"	8,5
88 - 92%	"	9
93 - 97%	"	9,5
98 - 100%	"	10

- b) Lágmarkseinkunn til þess að standast próf er einkunnin 5.
- c) Stúdentar skulu ná lágmarkseinkunn í öllum hlutum námsmats, nema annað sé tekið fram.
- d) Ef stúdent hefur staðist verklegan eða annan námsmatshluta, en ekki náð tilskilinni loka-einkunn, gildir þessi hluti í tvö ár frá lokum viðkomandi misseris.
- e) Aðaleinkunn er vegið meðaltal allra einkunna til lokaprófs. Aðaleinkunn reiknast með tveimur aukastöfum og er 9,0 – 10 ágætiseinkunn, 7,25 – 8,99 fyrsta einkunn, 6,0 – 7,24 önnur einkunn, og 5,0 – 5,99 þriðja einkunn.

7. Framkvæmd prófa.

- a) Stúdentar skulu mæta 5 mínútum áður en próf hefst. Mæti stúdent meira en einni klukkustund eftir að próf hefst fær hann ekki að þreyta prófið.
- b) Í samsettum prófum skulu stúdentar svara hverjum prófhluta á sérstöku blaði.
- c) Enginn má skila úrlausnum áður en ein klukkustund er liðin frá upphafi próftíma. Að loknum próftíma ber öllum að skila úrlausnum þegar í stað. Stúdentar hafa þó tíma til að ganga frá prófúrlausnum sínum og merkja þær eftir að próftíma lýkur, en ekki breyta eða bæta úrlausnirnar.
- d) Í öllum skriflegum prófum Háskólans á Akureyri á að skila prófspurningum, úrlausnum og krassblöðum til prófgæslumanns að prófi loknu. Prófspurningar úr öllum prófum verða síðan varðveittar á bókasafni háskólans í 3 ár, öllum aðgengilegar. Prófspurningar fara á bókasafn háskólans þegar viðkomandi misseri er lokið.
- e) Stúdentar mega ekki hafa yfirhafnir, töskur eða annan búnað, sem ekki tilheyrir leyfilegum hjálpargögnum, við prófborðið. Óheimilt er að valda truflun í prófstofu.

- f) Stúdentum er aðeins heimilt að yfirgefa prófborð áður en þeir hafa lokið prófinu til þess að fara á salerni, og aðeins undir eftirliti fylgdarmanns.
- g) Stúdent er óheimilt að ljúka prófi án þess að skila úrlausnarblaði með annað hvort nafni sínu og kennitölu eða skólanúmeri.
- h) Stúdentum sem ljúka prófi áður en tilskildum próftíma lýkur skulu fara frá prófstofu og gæta þess að trufla ekki þá sem enn eru í prófi.
- i) Háskóladeildum í samráði við prófstjóra er heimilt að nota skólanúmer. Stúdent skráir þá skólanúmer sitt á úrlausnarblöð í stað nafns. Allar einkunnir skulu birtar eftir skólanúmerum.
- j) Nú æskir stúdent þess við prófstjóra að taka próf annars staðar en á þeim stað sem hann er skráður í nám. Prófstjóra er þá heimilt, ef brýnar ástæður eru fyrir hendi, að heimila stúdent að taka prófið í annarri háskóla- eða menntastofnun, enda hafi verið samið fyrirfram við stofnunina um slíkt fyrirkomulag og þessi framkvæmd hafi engan aukakostnað í för með sér fyrir þá stofnun eða Háskólann á Akureyri.
- k) Verði stúdent uppvís að því að hafa rangt við í prófi skal prófverkefnið og úrlausnin umsvifalaust tekin af stúdentinum og prófstjóri eða staðgengill hans kallaður til. Máli stúdentsins skal síðan vísað til rektors til úrskurðar.

8. Gildistaka.

Prófareglur þessar eru samþykktar á grundvelli laga nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri, sbr. reglur nr. 888/1999, um Háskólann á Akureyri, með áorðnum breytingum. Prófareglur þessar öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi prófareglur nr. 459/2000.

Þannig samþykkt af háskólaráði þann 27. september 2004.

Háskólanum á Akureyri, 27. september 2004.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

*Sigrún Sveinbjörnsdóttir,
varaforseti háskólaráðs.*

REGLUGERÐ

um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

1. gr.

Markmið.

Markmið með þessari reglugerð er að greiða fyrir flutningum á sjó með því að kveða á um stöðlun formsatriða við skýrslugjöf.

2. gr.

Gildissvið.

Þessi reglugerð gildir um formsatriði við skýrslugjöf þegar skip kemur í og/eða lætur úr höfn í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, eins og kveðið er á um í A-hluta I. viðauka, að því er varðar skipið, vistir þess, persónulega muni áhafnarinnar, áhafnarlista og farþega-skrá, ef um er að ræða skip sem er heimilt að hafa 12 farþega innanborðs eða færri.

3. gr.

Skilgreiningar.

- Í reglugerð þessari og viðaukum við hana er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
- „IMO FAL-samningurinn“: alþjóðasamningur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar frá 9. apríl 1965 um einföldun formsatriða í alþjóðlegum sjóflutningum sem samþykktur var á alþjóðaráðstefnu um einföldun ferða og flutninga á sjó;
 - „IMO FAL-eyðublöð“: stöðluð fyrirmynd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar að einfölduðu eyðublaði af stærðinni A4 sem kveðið er á um í IMO FAL-samningnum;
 - „formsatriði við skýrslugjöf“: upplýsingar sem skylt er að veita, ef ríki á Evrópska efnahagssvæðinu fer fram á slíkt, af ástæðum er varða stjórnslu og málsmeðferð þegar skip kemur í eða lætur úr höfn;
 - „skip“ hafskip, hvaða gerðar sem er, sem er starfrækt í siglingum á sjó;
 - „skipsvistir“: vörur til nota á skipinu, þ. m. t. neysluvörur, vörur ætlaðar til að selja farþegum og áhöfn, eldsneyti og smurolfur, aðrar en skipsbúnaður og varahlutir;
 - „skipsbúnaður“: hlutir, aðrir en varahlutir í skipið, sem eru um borð í skipinu, ætlaðir til nota á því og hægt er að fjarlægja en eru ekki ætlaðir til neyslu, þ. m. t. fylgihlutir á borð við björgunarbáta, húsgögn, fatnað og því um líkt;
 - „varahlutir í skip“: hlutir sem tengjast viðgerðum eða endurnýjun, ætlaðir til ísetningar í skipið sem þeir eru um borð í;
 - „persónulegir munir áhafnar“: fatnaður, munir til daglegra nota og aðrir hlutir, þ. m. t. gjaldeyrir, í eigu áhafnar og er um borð í skipinu;
 - „skipverji“: einstaklingur sem er ráðinn til skyldustarfa um borð meðan á sjóferð stendur í tengslum við rekstur eða viðhald skipsins og er skráður á áhafnarskrána.

4. gr.

Viðurkenning eyðublaða.

Formsatriði við skýrslugjöf, sem um getur í 2. gr., teljast uppfyllt ef veittar upplýsingar eru í samræmi við:

- viðeigandi forskriftir eins og kveðið er á um í B- og C-hluta I. viðauka og
- samsvarandi fyrirmyndir að eyðublöðum og kveðið er á um í II. viðauka að því er varðar gagnaflokka.

5. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 53. gr. tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, og c-lið 1. mgr. og 2. mgr. 54. gr. 96/2002 laga um útlendinga, nr. 96/2002, til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/6/EB frá 18. febrúar 2002 um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í aðildarríkjum bandalagsins, sem vísað er til í 56i í XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2002 frá 12. júlí 2002 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn. Tilskipunin hefur verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 67, dags. 9. mars 2002 (bls. 32).

Reglugerðin öðlast gildi 1. desember 2004.

Fjármálaráðuneytinu, 25. október 2004.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Lilja Sturludóttir.

I. VIÐAUKI

A- HLUÐI

Skrá yfir formsatriði við skýrslugerð, sem um getur í 2. gr., að því er varðar skip sem koma í og/ eða láta úr höfn í aðildarríkjum bandalagsins.*1. IMO FAL-eyðublað nr. 1, almenn yfirlýsing.*

Við komu og brottför skal almenna yfirlýsingin vera grunnskjalið þar sem fram koma upplýsingar sem ríki Evrópska efnahagssvæðisins krefjast og varða skipið.

2. IMO FAL-eyðublað nr. 3, yfirlýsing um skipsvistir.

Við komu og brottför skal yfirlýsing um skipsvistir vera grunnskjalið þar sem fram koma upplýsingar sem aðildarríkin krefjast og varða skipsvistir.

3. IMO FAL-eyðublað nr. 4, yfirlýsing um persónulega muni áhafnar.

Við komu og brottför skal yfirlýsing um persónulega muni áhafnar vera grunnskjalið þar sem fram koma upplýsingar sem ríki Evrópska efnahagssvæðisins krefjast og varða persónulega muni áhafnarinnar. Þess er ekki krafist þegar lagt er úr höfn.

4. IMO FAL-eyðublað nr. 5, áhafnarskrá.

Við komu og brottför skal áhafnarskrá vera grunnskjalið þar sem ríki Evrópska efnahagssvæðisins eru veittar upplýsingar varðandi fjölda skipverja og samsetningu áhafnar. Ef yfirvöld fara fram á upplýsingar um áhöfn skips við brottför þess skal afrit af áhafnarskránni, sem framvísað var við komu, samþykkt við brottför, ef það hefur verið undirritað að nýju og áritað, til að sýna fram á allar breytingar sem hafa orðið á fjölda í áhöfn eða samsetningu áhafnar eða til að sýna fram á að engar slíkar breytingar hafi orðið.

5. IMO FAL-eyðublað nr. 6, farþegaskrá.

Að því er varðar skip sem er heimilt að hafa 12 farþega innanborðs, eða færri, skal farþegaskráin vera grunnskjalið þar sem ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eru veittar upplýsingar um farþega við komu og brottför skipsins.

B- HLUÐI

Undirritunaraðilar.*1. IMO FAL-eyðublað nr. 1, almenn yfirlýsing.*

Yfirvöld í aðildarríki skulu viðurkenna almenna yfirlýsingu sem er dagsett og undirrituð annaðhvort af skipstjóranum, umboðsmanni skipsins eða einhverjum öðrum einstaklingi, sem fengið hefur fullt umboð skipstjórans til þess, eða er staðfest á þann hátt sem viðkomandi yfirvald samþykkir.

2. IMO FAL-eyðublað nr. 3, yfirlýsing um skipsvistir.

Yfirvöld aðildarríkjanna skulu viðurkenna yfirlýsingu um skipsvistir sem er dagsett og undirrituð annaðhvort af skipstjóranum eða af öðrum yfirmanni á skipinu, sem fengið hefur fullt umboð skipstjórans til þess, og hefur persónulega vitneskju um birgðir skipsins, eða er staðfest á þann hátt sem viðkomandi yfirvald samþykkir.

3. *IMO FAL- eyðublað nr. 4, yfirlýsing um persónulega muni áhafnar.*

Yfirvöld skulu viðurkenna yfirlýsingu um persónulega muni áhafnar sem er dagsett og undirrituð annaðhvort af skipstjóranum eða af öðrum yfirmanni á skipinu, sem fengið hefur fullt umboð skipstjórans til þess, eða er staðfest á þann hátt sem viðkomandi yfirvald samþykkir. Yfirvöld geta einnig krafist þess að sérhver skipverji riti nafn sitt eða, ef hann er ófær um slíkt, setji merki sitt í yfirlýsinguna að því er varðar persónulega muni sína.

4. *IMO FAL- eyðublað nr. 5, áhafnarskrá.*

Yfirvöld skulu viðurkenna áhafnarskrá sem er dagsett og undirrituð annaðhvort af skipstjóranum eða öðrum yfirmanni á skipinu, sem fengið hefur fullt umboð skipstjórans til þess, eða er staðfest á þann hátt sem viðkomandi yfirvald samþykkir.

5. *IMO FAL- eyðublað nr. 6, farþegaskrá.*

Að því er varðar skip sem heimilt er að hafa 12 farþega innanborðs eða færri skulu yfirvöld viðurkenna farþegaskrá sem er dagsett og undirrituð annaðhvort af skipstjóranum, umboðsmanni skipsins eða einhverjum öðrum einstaklingi, sem fengið hefur fullt umboð skipstjórans til þess, eða er staðfest á þann hátt sem viðkomandi yfirvald samþykkir.

C- HLUTI Tæknilegar forskriftir.

1. Snið IMO FAL-eyðublaðanna skal fylgja eins nákvæmlega og unnt er hlutföllunum sem sýnd eru í fyrirmyndunum sem birt eru í II. viðauka. Eyðublöðin skulu prentuð á stök blöð af stærðinni A4 (210 mm x 297 mm), með skammsniði. Að minnsta kosti einn þriðji af bakhlið eyðublaðanna skal nýtanlegur fyrir yfirvöld í opinberum tilgangi.

Að því er varðar viðurkenningu IMO FAL-eyðublaðanna skal það snið og útlit stöðluðu, einfölduðu eyðublaðanna, sem Alþjóðasiglingamálastofnunin mælir með og gefur út og byggist á IMO FAL- samningnum, eins og hann var í gildi 1. maí 1997, talið jafngilt sniðinu í II. viðauka.

2. Yfirvöld skulu samþykkja upplýsingar sem miðlað er á allan læsilegan og skiljanlegan hátt, þ. m. t. eyðublöð sem fyllt eru út með bleki eða óafmáanlegum blýöntum eða gerð með sjálfvirkri gagnavinnslutækni.

3. Með fyrirvara um rafrænar aðferðir við gagnasendingar skal yfirvald, sem viðurkennir tilkynningu skips um gagnasendingu á rafrænu formi, viðurkenna sendingu slíkra upplýsinga þegar rafrænar aðferðir, sem uppfylla alþjóðlega staðla, eru notaðar við gagnavinnsluna eða sendingarnar, að því gefnu að sendingarnar séu læsilegar og skiljanlegar og innihaldi þær upplýsingar sem krafist er.

Yfirvöld geta í framhaldinu unnið gögn, sem þau hafa fengið, í hvaða formi sem þau telja heppilegast.

II. VIÐAUKI

Fyrirmyndir að IMO FAL-eyðublöðum sem um getur í 4. gr. og í I. viðauka.



Skýrsla skipstjóra við komu / brottför skips

Master's report on vessel's arrival/departure

<input type="checkbox"/> Koma / Arrival <input type="checkbox"/> Brottför / Departure		Hversu oft hefur skipið verið lottalgreitt hér á landi á árinu How often has the ship previously this year been cleared inwards in this country	
1. Nafn skips og kallmerki Name and call sign of ship		2. Komuhöfn / brottfararhöfn Port of arrival/departure	3. Komutími / Brottarartími Date-time of arrival/departure
4. Þjóðerni skips Nationality of ship	5. Nafn skipstjóra Name of master	6. Síðasta erlenda brottfararhöfn / Næsta erlenda komuhöfn Port arrived from/Port of destination	
7. Skrásetningarhöfn - nr. mælibréts og dagsetning Certificate of registry (port, date, number)		8. Nafn og heimilisfang umboðsmanns Name and address of ship's agent	
9. Brúttó tonn Gross register tons	10. Nettó tonn Net register tons	11. Eigandi skips Owner of the vessel	
12. Frá hvaða höfn og hvenær byrjaði skipið þessa ferð sína hingað og til hvaða hafnar hefur skipið komið síðan og hvenær var látið úr sérhverri þeirra? From what port and when did the vessel begin this voyage to this country and what ports has the vessel called since, and when did it depart from each of them?		13. Erindi skips For what purpose is the ship calling at this port?	
Hafnir – Ports		Brottarardagur Date of departure	
Hafnir – Ports		Brottarardagur Date of departure	
14. Fjöldi skipverja Number of crew		15. Fjöldi farþega Number of passengers	16. Athugasemdir / Remarks
Meðfylgjandi atgreiðsluskjöl Attached documents			
17. Farmskrá Cargo Declarations	<input type="checkbox"/> já <input type="checkbox"/> nei yes no	18. Skipforðalisti Ship's Stores Declaration	<input type="checkbox"/> já <input type="checkbox"/> nei yes no
19. Áhafnarlisti Crew List	<input type="checkbox"/> já <input type="checkbox"/> nei yes no	20. Farþegalisti Passenger List	<input type="checkbox"/> já <input type="checkbox"/> nei yes no
22. Listi yfir varning í eign áhafnar* Crew's Effects Declarations*	<input type="checkbox"/> já <input type="checkbox"/> nei yes no	23. Heilbrigðisfyrlysing Maritime Declaration of Health	<input type="checkbox"/> já <input type="checkbox"/> nei yes no
24. Skrá/Pakkalisti Parcel List	<input type="checkbox"/> já <input type="checkbox"/> nei yes no	26. Tök eða tekur skipið vistir í ferðinni? Has the ship loaded or intends to load provisions? Hvar? / Where?	<input type="checkbox"/> já <input type="checkbox"/> nei yes no
25. Eru lifandi dýr um borð? Are living animals on board?	<input type="checkbox"/> já <input type="checkbox"/> nei yes no	Því er hér með lýst yfir, að viðlagðri refsíbyrgð lögum samkvæmt, að framanritað skýrsla er rétt í öllum atriðum. I hereby declare under penalty by law, that the above written declaration is in every respect true and correct.	

* Eingöngu við komu / Only at arrival

Fyrir tollgæslu / For Customs use

Tegund fars <input type="checkbox"/> Farþegaskip <input type="checkbox"/> Tankskip <input type="checkbox"/> Vöruflutningaskip <input type="checkbox"/> Fiskiskip <input type="checkbox"/> Seglskip <input type="checkbox"/> Herskip <input type="checkbox"/> Rannsóknarskip <input type="checkbox"/> Önnur skip	Verða farþegar eftir í þessari ferð <input type="checkbox"/> já <input type="checkbox"/> nei Tekur skipið farþega <input type="checkbox"/> já <input type="checkbox"/> nei Farmur við komu / brottför <input type="checkbox"/> já <input type="checkbox"/> nei	Næstu viðkomuhafnir Vörur í land samkv. TÖB (pakkalisti) <input type="checkbox"/> já <input type="checkbox"/> nei
Aðrar upplýsingar		Innsigli um borð <input type="checkbox"/> já <input type="checkbox"/> nei Fjöldi innsigla, númer Dags., stimpill og undirskrift tollvarðar

22988-01/000001



Skipsforðalisti Ship's Stores Declaration

1. Nafn fars og kallmerki – Name of ship and registry particulars					2. Komuhöfn – Port of arrival			3. Komudagur – Date of arrival			
4. Þjóðerni fars – Nationality of ship					5. Höfn sem komið er frá – Port arrived from						
6. Fjöldi skipverja – Number of crew			7. Áætluð dvöl – Period of stay		8. Geymslustaður varnings skv. liðum 1-12 – Place of storage of items 1-12						
9. Vörutegund Name of goods	10. Í vörslu skipstjóra – In master's keep				11. Algreitt undan lási/innsgilt – Released of storage of items 1-4						
	Eign útgerðar Ship's effects	Áhafnareign Crew's effects	Samtals Total	Úr tollfrj. forðag. From duty free store	Magn Quantity	Dags. Date	Undirskrift Signature	Magn Quantity	Dags. Date	Undirskrift Signature	
1. Vindlingar Cigarettes stk. pcs.											
2. Vindlar Cigars stk. pcs.											
3. Smávindlar Cigarillos stk. pcs.											
4. Annað tóbak Other tobacco kg											
5. Sterkir áfengir drykkir Spirits l											
6. do. 0,75 l											
7. do. 0,70 l											
8. do. 0,50 l											
9. do. 0,37 l											
10. Annað áfengi Wines l											
11. do. 0,75 l											
12. Öl yfir 2,25 «. litrar Beer, litres											
					12. Ég lýsi því yfir, að viðlagðri refsíábyrgð, að upplýsingar gefnar á þessu eyðublaði eru réttar. Jafnframt staðfesti ég að varning skv. liðum 1-12 hefi ég læst inni, á mína ábyrgð						
					I declare, upon penalties prescribed by law, that particulars given goods on this form are true and correct. Furthermore, I confirm that specified under items 1-12 have been placed under lock, for which I am responsible.						
					Dags.	Date	Klst.	Hour	Undirskrift skipstjóra eða viðurkennds umboðsmanns eða yfirmanns Signature by master, authorized agent or officer		
					11. Fyrir tollgæslu – For official use						
Niðursóðið kjöt Canned meat kg											
Reykt kjöt Smoked meat kg											
Fuglakjöt Fowl kg											
Annað kjöt Other meat kg											
Smjör Butter kg											
Egg Eggs stk./kg											
Vopn Arms stk. pcs.											
Hráolía Fuel oil l											
Annað Other											
Sjónvarpstækni T.V. sets, stk. pcs.					Tegund, framleiðslunúmer – Type, Serial no.						
					Brotfarardagur – Date of departure		Brotfararstaður – Place of departure		Ákvörðunarstaður – Place of destination		

ICELANDIC CUSTOMS

Farmur við brottför
Cargo on departure

- já nei
 yes no

- Afhendist tollgæslu við komu**
Copy for Customs on arrival
 Afhendist tollgæslu við brottför
Copy for Customs on departure

Dagsetning og undirskrift skipstjóra eða viðurkennds umboðsmanns eða yfirmanns við brottför
Signature by master, authorized agent or officer on departure

Skipverjalisti
List of crew

Skrá yfir skipverja og vörur þeim tilheyrandi um borð í skipi
List of crew and goods belonging to them on board ship



1. Nafn fars og kallmerki - Name of ship and registry particulars		Kommuhöfn - Port of arrival		Kommudagur - Date of arrival		3. Þjóðerni - Nationality of ship		Nafn skipstjóra - Name of master		Höfn sem komið er frá - Port arrived from			
4. Nr.	5. Nafn skipverja (skrifstafi) - Name of crew (block letters)	6. Staða - Rank	Aldur - Age	Vindlingar - Cigarettes	Vindlar - Cigars	Ammáð fóðak - Other tobacco	Sterki áfengi - Spirits	Ammáð áfengi - Wines	Öl yfir 2,25% - Beer	Vopn - Arms	Matvæli innk. verð - Foodstuffs purchase price	Aðrar vörur innk. verð - Other goods purchase price	7. Undirskrift skipverja - Signatures of crew
1													
2													
3													
4													
5													
6													
7													
8													
9													
10													
11													
12													
13													
14													
15													

Ég undirritaður skipstjóri, umboðsmaður eða yfirmaður volta hér með að ekki eru fleiri skipverjar á skipinu en skráðir eru hér að ofan og að þeir hafa hver fyrir sig skráð þar þá vörur sem framvísað er. I, the undersigned master, agent or officer hereby certify that there are no other or more crewmembers on this ship than those listed above, and each of them has filled in his own declaration of goods.

Eintak tollgæslu, afhendist við komu
Copy for Customs on arrival

Eintak skipstjóra, varðveitt í fari
Master's copy - to be retained on board ship

Dagsetning og undirskrift skipstjóra eða víðurkennds umboðsmanns eða yfirmanns
Signature by master, authorized agent or officer

T04



Áhafnarlisti

Crew List

<input type="checkbox"/> Koma / Arrival <input type="checkbox"/> Brottför / Departure					Bls. / Page
1. Nafn skips Name of ship		2. Komuhöfn / brottfararhöfn Port of arrival / departure		3. Dagsetning komu / brottfarar Date of arrival / departure	
4. Þjóðerni skips Nationality of ship		5. Síðasta höfn Last port			6. Vegabréfsnúmer Passport number
7. Nr.	8. Fornafn, eftirnafn Given name, family name	9. Staða Rank	10. Ríkisfang Nationality	11. Fæðingardagur og staður Date of birth and place	
1					
2					
3					
4					
5					
6					
7					
8					
9					
10					
11					
12					
13					
14					
15					
16					
17					
18					
19					
20					
21					
22					
23					
24					
25					
26					
27					
28					
29					
30					

ISLANDIC CUSTOMS

12. Dagsetning og undirskrift skipstjóra eða viðurkennds umboðsmanns eða yfirmanns
 Date and signature by master, authorized agent or officer

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 748/2003 um snyrtivörur.

1. gr.

3. gr. orðast svo:

Snyrtivörur mega ekki, við eðlilega notkun, vera skaðlegar heilsu manna.

Oheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða dreifa snyrtivörum sem innihalda efni sem flokkast sem Carc 1 eða 2, Rep 1 eða 2, Mut 1 eða 2 og fá varnaðarmerkin sterkt eitur (Tx) eða eitur (T) samkvæmt reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni.

Snyrtivörur sem innihalda önnur eiturefni í það miklu magni að þær flokkast sem eitur, samkvæmt reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, mega ekki vera á markaði til almenningsnota, nema það sé sérstaklega heimilað annars staðar í þessari reglugerð.

2. gr.

Stafliður c) í 7. gr. orðast svo:

Lágmarksgeymsluþol, með orðunum: „best fyrir“ og þar á eftir annaðhvort dagsetning eða upplýsingar um hvar dagsetninguna er að finna á umbúðunum.

Dagsetningin skal vera greinileg og tilgreina annaðhvort mánuð og ár eða dag, mánuð og ár, í þeirri röð. Ef nauðsynlegt er skal bæta við þessar upplýsingar ábendingu um skilyrði sem þarf að uppfylla til að hægt sé að ábyrgjast tilgreint geymsluþol.

Upplýsingar um dagsetningu fyrir geymsluþol þarf ekki fyrir snyrtivörur sem hafa meira geymsluþol en 30 mánuði. Fyrir slíkar vörur skal tilgreina tímabilið sem notandinn getur notað vöruna sér að skaðlausu eftir að umbúðirnar hafa verið opnaðar. Tilgreina skal þessar upplýsingar með tákniinu sem birt er í 9. viðauka og á eftir því skal koma tímabilið í mánuðum og/eða árum.

3. gr.

9. gr. orðast svo:

Innihaldsefni sem skráð eru á ílát og umbúðir skal tilgreina með heiti í samræmi við nafnakerfi fyrir innihaldsefni snyrtivara INCI¹. Ef slíkt heiti er ekki til skal nota efnaheiti, CTF A²-heiti, heiti í Evrópsku lyfjaskránni, heiti samkvæmt tilmælum WHO³, EINECS⁴-, IUPAC⁵-, CAS⁶- eða CI⁷-númer (litaskrárnúmer).

Fyrir efnablöndur sem gefa ilm og angan og þau hráefni sem þær eru unnar úr nægir að nota orðin „ilmefni“ eða „lyktarefni“ („perfume“ eða „aroma“), þar sem þeirra er getið í lista yfir innihaldsefni, sbr. g) lið 7. gr. Þó skal geta þeirra efna með nafni sem krafist er að tilgreind séu í dálkinum „aðrar takmarkanir og kröfur“ í 3. viðauka.

Fyrir snyrtivörur sem framleiddar eru í mörgum litbrigðum er heimilt að skrá öll litar-efni á merkimiðann að því tilskildu að orðunum „getur innihaldið“ („may contain“) eða tákniinu „+/-“ sé bætt við fyrir framan.

1 INCI: International Nomenclature Cosmetic Ingredient.

2 CTF A: Cosmetic, Toiletry and Fragrance Association in USA.

3 WHO: World Health Organization - Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin.

4 EINECS: European Inventory of Existing Commercial Chemical Substances - Evrópuskrá yfir markaðssett efni.

5 IUPAC: International Union of Pure and Applied Chemistry.

6 CAS: Chemical Abstract Service

7 CI: Color-Index - Litaskrá, sbr. Rowe Index, 3. útgáfa, Society of Dyers and Colourists, Bradford, England 1979.

4. gr.

Staflíður d) í 19. gr. orðast svo:

Mat á öryggi fullunninnar snyrtivöru með tilliti til heilsu manna. Taka skal mið af efnafræðilegri byggingu og áhrifum innihaldsefna á heilsu ásamt notkunarsviði vörunnar. Taka skal sérstakt tillit til þess hvar á líkamann varan skal notuð og hver markhópurinn er. Meðal annars skal vera sérstakt mat fyrir snyrtivörur sem ætlaðar eru börnum yngri en þriggja ára og fyrir snyrtivörur sem eingöngu eru ætlaðar til notkunar útvortis á viðkvæmum stöðum líkamans.

5. gr.

Í 2. viðauka breytast færslur, sbr. fylgiskjal 1 við reglugerð þessa.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. viðauka:

- a) Í 3. viðauka A breytast færslur, sbr. fylgiskjal 2 við reglugerð þessa.
- b) Við 3. viðauka A bætast ný efni, sbr. fylgiskjal 3 við reglugerð þessa.
- c) Í 3. viðauka B falla út efni með EB-tilvísunarnúmer 61 og 62 (musk xýlen og musk keton).
- d) Dagsetningar í 3. viðauka B, h-dálki, („Leyfilegt til“) breytast á efnum með EB-tilvísunarnúmer 1-60 og verða 31.12.2005 í stað 30.09. 2004.

7. gr.

Í 5. viðauka breytist ein færsla sbr. fylgiskjal 4 við reglugerð þessa.

8. gr.

Við bætist nýr viðauki, 9. viðauki, sbr. fylgiskjal 5 við reglugerð þessa.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 17. gr. A laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á eftirfarandi tilskipunum um breytingar á tilskipun 76/768/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur:

- a. Tilskipun 2003/80/EB, sem vísað er til í tl. 12, XVI. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2004, þann 22. apríl 2004.
- b. Tilskipun 2003/83/EB, sem vísað er til í tl. 13, XVI. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2004, þann 22. apríl 2004.
- c. Tilskipun 2004/87/EB.
- d. Tilskipun 2004/88/EB.

Einnig var höfð hliðsjón af tilskipun 2003/15/EB, um breytingu á tilskipun 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur, sem vísað er til í tl. 1, XVI. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2004, þann 9. júní 2004 og tilskipun 2004/93/EB, um breytingu á tilskipun 76/768/EBE.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er til 11. mars 2005 að setja á markað snyrtivörur sem ekki uppfylla ákvæði 2. mgr. 2. gr. reglugerðar þessarar.

Breytingar á færslum með EB-tilvísunarnúmer 14 og 60-62 í fylgiskjali 2 með reglugerð þessari og ákvæði um ný efni með EB-tilvísunarnúmer 93-95 í fylgiskjali 3 með reglugerð þessari öðlast gildi 24. mars 2005. Sex mánuðum frá gildistöku framangreindra breytinga á viðauka 3 A í fylgiskjali 2 og 3 með reglugerð þessari er með öllu óheimilt að selja snyrtivörur sem ekki uppfylla þær kröfur.

Fylgiskjal 4 með reglugerð þessari öðlast gildi 24. mars 2005. Sex mánuðum frá gildistöku framangreindrar breytingar á 5. viðauka í fylgiskjali 4 með reglugerð þessari er með öllu óheimilt að selja snyrtivörur sem ekki uppfylla þær kröfur.

Umhverfissráðuneytinu, 28. október 2004.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Magnús Jóhannesson.

Fylgiskjal 1.

Í 2. viðauka fellur niður færsla nr. 382 (EB tilvísunarnúmer) og færslur nr. 178, 289 og 411 breytast og orðast svo:

	CAS-nr.	EB tilvísunarnúmer
a	b	c
4-bensýloxýfenól	103-16-2	178
4-etoxýfenól	622-62-8	178
blý og sambönd þess	7439-92-1	289
sek-alkýl- og alkanólamín og sölt þeirra		411

Fylgiskjal 2.

Í 3. viðauka A fellur miður færsla nr. 55 (EB tilvísunarnúmer) og færslur nr. 2a, 14, 22, 60, 61 og 62 breytast og orðast svo:

Efni	CAS-nr.	Notkunarvið	Leyfilegur hámarksstyrkur í fullunninni snyrtivöru	Aðrar takmarkanir og kröfur	Notkunareglur og varnaðarorð sem skylt er að prenta á umbúðir	EB tilvísunarnúmer
a	b	c	d	e	f	g
<i>Thioglycolic Acid</i> þioglykólsýra og sölt hennar	68-11-1	a) vörur til hárlitunar - eða aflitunar: 1) til almennings nota 2) til faglegra nota b) háreyðingarvörur c) aðrar hársnyrtivörur sem skolað er burt eftir notkun	a) 1) 8% tilbúið til notkunar pH 7 - 9,5 2) 11% tilbúið til notkunar pH 7 - 9,5 b) 5% tilbúið til notkunar pH 7 - 12,7 c) 2% tilbúið til notkunar pH 6-9,5 reiknað sem þioglykólsýra	Í notkunarlöbningum skulu eftirfarandi varnaðarsetningar koma fram á íslensku: a), b) og c) Varist efnið í augu, skolið þá strax vandlega með miklu vatni og leitið læknis. a) og c) Notið viðeigandi hlífðarhanska.	a), b) og c) Inniheldur þioglykólat. Fylgið meðfylgjandi notkunarlöbningum. Geymist þar sem börn ná ekki til. (Par að auki fyrir) a) 2) Aðeins fyrir fagfólk.	2a
<i>Hydroquinone</i> 1,4-dihýdroxybensen	123-31-9	a) oxandi hárlitunarefni 1) til almennings nota 2) til faglegra nota b) til nota á gervineglur	0,3%	Aðeins fyrir fagfólk.	a) 1) Inniheldur 1,4-dihýdroxybensen. Öhemilt að nota til litunar augnhára eða augabrúna. Berist efnið í augu, skolið þá strax vandlega. 2) Aðeins fyrir fagfólk. Inniheldur 1,4-dihýdroxybensen. Berist efnið í augu, skolið þá strax vandlega. b) Varist snertingu við húð. Fylgið nákvæmlega meðfylgjandi notkunarlöbningum.	14
<i>Resorcinol</i> 1,3-dihýdroxybensen	108-46-3	a) oxandi hárlitunarefni 1) til almennings nota	a) 5% 0,02% (eftir blöndun til notkunar)		a) 1) Inniheldur 1,3-dihýdroxybensen. Skolið hárið vandlega eftir notkun. Má ekki nota til litunar augnhára eða augabrúna. Berist efnið í augu, skolið þá strax vandlega.	22

Efni	CAS-nr.	Notkunarvið	Leyfilegur hámarksstyrkur í fullunninni snyrtivöru	Aðrar takmarkanir og kröfur	Notkunarreglur og varnaðarorð sem skýlir er að prenta á umbúðir	EB tilvísunarnúmer
a	b	c	d	e	f	g
		2) til faglegra nota b) hársnyrtivökvar og harþvottalegir	b) 0,5% 0,5% sek-amin		2) Inniheldur 1,3-dihýdroxybensen. Aðeins fyrir fagfolk. Berist efnið í augu, skolið þá strax vandlega. b) Inniheldur 1,3-dihýdroxybensen	60
<i>Fatty Acid Dialkylamides</i> og <i>Dialkanolamides</i> fitusýrudialkylamíð og fitusýrudialkanolamíð			0,5% sek-amin	Óheimilt að blanda saman við nitróserandi efni. Hámarksstyrkur sek-amína 5% fyrir hráefni. Hámarksstyrkur nitrosó-amína 50 µg/kg. Geymist í ílátum sem ekki innihalda nítrít.		61
<i>Monoalkylamines</i> , <i>Monoalkanolamine</i> og sölt þeirra monóalkýlamin, monóalkanolamin og sölt þeirra			0,5% sek-amin	Lágmarks hreinleiki 99%. Hámarksstyrkur sek-amína 0,5% fyrir hráefni. Hámarksstyrkur nitrosó-amína 50 µg/kg. Óheimilt að nota með nitróserandi efnum. Geymist í ílátum sem ekki innihalda nítrít.		62
<i>Trialkylamines</i> , <i>Trialkanolamines</i> og sölt þeirra trialkýlamin, trialkanolamin og sölt þeirra		a) vörur sem ekki er skolið burt efur notkun b) aðrar vörur	a) 2,5%	Óheimilt að nota með nitróserandi efnum. Lágmarks hreinleiki 99%. Hámarksstyrkur sek-amína 0,5% fyrir hráefni. Hámarksstyrkur nitrosó-amína 50 µg/kg. Geymist í ílátum sem ekki innihalda nítrít.		62

Fylgiskjal 3.

Í 3. viðauka A bætast við færslur nr. 67 - 97 í stafrófsröð og orðást svo:

Efni a	CAS-nr. b	Notkunarvið c	Leyfilegur hámarksstyrkur í fullunninni snyrtivöru d	Aðrar takmarkanir og kröfur e	Notkunareglur og varnaðarorð sem skylt er að prenta á umbúðir f	EB tilvísunar- númer g
<i>Amyl Cinnamal</i> amylsinnamal	122-40-7			Gæta skal efnisins í lista yfir innihaldsefni, sbr. 2. mgr. 9. gr., þegar styrkur þess er hærrí en: - 0,01% í vörum sem skolað er burt efir notkun - 0,001% í öðrum vörum		67
<i>Benzyl Alcohol</i> bensýlalkóhól	100-51-6			Gæta skal efnisins í lista yfir innihaldsefni, sbr. 2. mgr. 9. gr., þegar styrkur þess er hærrí en: - 0,01% í vörum sem skolað er burt efir notkun - 0,001% í öðrum vörum		68
<i>Cinnamyl Alcohol</i> sinnamýlalkóhól	104-54-1			Gæta skal efnisins í lista yfir innihaldsefni, sbr. 2. mgr. 9. gr., þegar styrkur þess er hærrí en: - 0,01% í vörum sem skolað er burt efir notkun - 0,001% í öðrum vörum		69
<i>Citral</i> sitral	5392-40-5			Gæta skal efnisins í lista yfir innihaldsefni, sbr. 2. mgr. 9. gr., þegar styrkur þess er hærrí en: - 0,01% í vörum sem skolað er burt efir notkun - 0,001% í öðrum vörum		70

Efni a	CAS-nr. b	Notkunarsvið c	Leyfilegur hámarksstyrkur í fullunninni snyrtivöru d	Aðrar takmarkanir- og kröfur e	Notkunarreglur og varnaðarorð sem skýlt er að prenta á umbúðir f	EB tívisunar- númer g
<i>Eugenol</i> evgenól	97-53-0			Geta skal efnisins í lista yfir innihaldsefni, sbr. 2. mgr. 9. gr., þegar styrkur þess er hærrí en: - 0,01% í vörum sem skolað er burt efir notkun - 0,001% í öðrum vörum		71
<i>Hydroxycitronellal</i> hýdroxýsitrónellal	107-75-5			Geta skal efnisins í lista yfir innihaldsefni, sbr. 2. mgr. 9. gr., þegar styrkur þess er hærrí en: - 0,01% í vörum sem skolað er burt efir notkun - 0,001% í öðrum vörum		72
<i>Isoeugenol</i> isoevgenól	97-54-1			Geta skal efnisins í lista yfir innihaldsefni, sbr. 2. mgr. 9. gr., þegar styrkur þess er hærrí en: - 0,01% í vörum sem skolað er burt efir notkun - 0,001% í öðrum vörum		73
<i>Amyl Cinnamyl Alcohol</i> amýlsinnamýlalkóhól	101-85-9			Geta skal efnisins í lista yfir innihaldsefni, sbr. 2. mgr. 9. gr., þegar styrkur þess er hærrí en: - 0,01% í vörum sem skolað er burt efir notkun - 0,001% í öðrum vörum		74
<i>Benzyl Salicylate</i> bensýlsalísýlat	118-58-1			Geta skal efnisins í lista yfir innihaldsefni, sbr. 2. mgr. 9. gr., þegar styrkur þess er hærrí en: - 0,01% í vörum sem skolað er burt efir notkun - 0,001% í öðrum vörum		75
<i>Cinnamal</i> sinnamal	104-55-2			Geta skal efnisins í lista yfir innihaldsefni, sbr. 2. mgr. 9. gr., þegar styrkur þess er hærrí en: - 0,01% í vörum sem skolað er burt efir notkun - 0,001% í öðrum vörum		76

Efni	CAS-nr.	Notkunarvið	Leyfilegur hámarksstyrkur í fullunninni snyrtivöru	Aðrar takmarkanir og kröfur	Notkunarreglur og varnaðarorð sem skyft er að prenta á umbúðir	EB tilvísunarnúmer
a	b	c	d	e	f	g
<i>Coumarin</i> kúmarín	91-64-5			Geta skal efnisins í lista yfir innihaldsefni, sbr. 2. mgr. 9. gr., þegar styrkur þess er hærr en: - 0,01% í vörum sem skolað er burt efir notkun - 0,001% í öðrum vörum		77
<i>Geraniol</i> geraníól	106-24-1			Geta skal efnisins í lista yfir innihaldsefni, sbr. 2. mgr. 9. gr., þegar styrkur þess er hærr en: - 0,01% í vörum sem skolað er burt efir notkun - 0,001% í öðrum vörum		78
-- hýdroxýmetýlpenýlsýklóhexenkarboxaldéhýð	31906-04-4			Geta skal efnisins í lista yfir innihaldsefni, sbr. 2. mgr. 9. gr., þegar styrkur þess er hærr en: - 0,01% í vörum sem skolað er burt efir notkun - 0,001% í öðrum vörum		79
-- anisýlalkóhól	105-13-5			Geta skal efnisins í lista yfir innihaldsefni, sbr. 2. mgr. 9. gr., þegar styrkur þess er hærr en: - 0,01% í vörum sem skolað er burt efir notkun - 0,001% í öðrum vörum		80
<i>Benzyl Cinnamate</i> bensýlsinnameat	103-41-3			Geta skal efnisins í lista yfir innihaldsefni, sbr. 2. mgr. 9. gr., þegar styrkur þess er hærr en: - 0,01% í vörum sem skolað er burt efir notkun - 0,001% í öðrum vörum		81
<i>Farnesol</i> farnesól	4602-84-0			Geta skal efnisins í lista yfir innihaldsefni, sbr. 2. mgr. 9. gr., þegar styrkur þess er hærr en: - 0,01% í vörum sem skolað er burt efir notkun - 0,001% í öðrum vörum		82

Efni	CAS-nr.	Notkunarsvið	Leyfilegur hámarksstyrkur í fullunninni snyrtivöru	Aðrar takmarkanir og kröfur	Notkunarreglur og varnaðarorð sem skyft er að prenta á umbúðir	EB tilvísunarnúmer
a	b	c	d	e	f	g
-- 2-(4-tert- bútylbensýl)própiomaldehýð	80-54-6			Geta skal efnisins í lista yfir innihaldsefni, sbr. 2. mgr. 9. gr., þegar styrkur þess er hærra en: - 0,01% í vörum sem skolað er burt eftir notkun - 0,001% í öðrum vörum		83
<i>Linalool</i> límalól	78-70-6			Geta skal efnisins í lista yfir innihaldsefni, sbr. 2. mgr. 9. gr., þegar styrkur þess er hærra en: - 0,01% í vörum sem skolað er burt eftir notkun - 0,001% í öðrum vörum		84
<i>Benzyl Benzoate</i> bensýlbensóat	120-51-4			Geta skal efnisins í lista yfir innihaldsefni, sbr. 2. mgr. 9. gr., þegar styrkur þess er hærra en: - 0,01% í vörum sem skolað er burt eftir notkun - 0,001% í öðrum vörum		85
<i>Citronellol</i> sitrónellól	106-22-9			Geta skal efnisins í lista yfir innihaldsefni, sbr. 2. mgr. 9. gr., þegar styrkur þess er hærra en: - 0,01% í vörum sem skolað er burt eftir notkun - 0,001% í öðrum vörum		86
-- hexýlsinnammaldehýð	101-86-0			Geta skal efnisins í lista yfir innihaldsefni, sbr. 2. mgr. 9. gr., þegar styrkur þess er hærra en: - 0,01% í vörum sem skolað er burt eftir notkun - 0,001% í öðrum vörum		87
-- d-límonen	5989-27-5			Geta skal efnisins í lista yfir innihaldsefni, sbr. 2. mgr. 9. gr., þegar styrkur þess er hærra en: - 0,01% í vörum sem skolað er burt eftir notkun - 0,001% í öðrum vörum		88

Efni	CAS-nr.	Notkunarvið	Leyfilegur hámarksstyrkur í fullunninni snyrtivöru	Aðrar takmarkanir og kröfur	Notkunarreglur og varnaðarorð sem skyft er að prenta á umbúðir	EB tilvísunarnúmer
a	b	c	d	e	f	g
-- metýlheptínkarbónat	111-12-6			Gæta skal efnisins í lista yfir innihaldsefni, sbr. 2. mgr. 9. gr., þegar styrkur þess er hærr en: - 0,01% í vörum sem skolað er burt eftir notkun - 0,001% í öðrum vörum		89
-- 3-metýl-4-(2,6,6-trímetyl-2-sýklohexen-1-ýl)-3-búten-2-on	127-51-5			Gæta skal efnisins í lista yfir innihaldsefni, sbr. 2. mgr. 9. gr., þegar styrkur þess er hærr en: - 0,01% í vörum sem skolað er burt eftir notkun - 0,001% í öðrum vörum		90
-- eikarmosakjarni	90028-68-5			Gæta skal efnisins í lista yfir innihaldsefni, sbr. 2. mgr. 9. gr., þegar styrkur þess er hærr en: - 0,01% í vörum sem skolað er burt eftir notkun - 0,001% í öðrum vörum		91
-- trjámosakjarni	90028-67-4			Gæta skal efnisins í lista yfir innihaldsefni, sbr. 2. mgr. 9. gr., þegar styrkur þess er hærr en: - 0,01% í vörum sem skolað er burt eftir notkun - 0,001% í öðrum vörum		92
-- 2,4-díamínó-pýrimídín-3-oxíð	74638-76-9	hársnyrtivörur	1,5%			93
-- bensóýlperoxíð	94-36-0	til notkunar á gervineglur	0,7% eftir blöndun	Aðeins fyrir fagfólk	Aðeins fyrir fagfólk. Varist snertingu við húð. Fylgið nákvæmlega meðfylgjandi notkunarleiðbeiningum.	94
-- 4-metoxýfenól	150-76-5	til notkunar á gervineglur	0,02% eftir blöndun	Aðeins fyrir fagfólk	Aðeins fyrir fagfólk. Varist snertingu við húð. Fylgið nákvæmlega meðfylgjandi notkunarleiðbeiningum.	95
Mísk Xyl/en musk xyl/en	81-15-2	allar snyrtivörur að undantektum vörum til munnhirðu	a) 1,0% í ilmvörum b) 0,4% í Kólnarvatni c) 0,03% í öðrum vörum			96

Efni	CAS-nr.	Notkunarsvið	Leyfilegur hámarksstyrkur í fullunninni snyrtivöru	Aðrar takmarkanir og kröfur	Notkunarreglur og varnaðarorð sem skylt er að prenta á umbúðir	EB tilvísunar-númer
a	b	c	d	e	f	g
<i>Musk Ketone</i> musk keton	81-14-1	allar snyrtivörur að undanteknum vörum til munnhirðu	a) 1,4% í ilmvöðnum b) 0,56% í Kólarvatni c) 0,042% í öðrum vörum			97

Fylgiskjal 4.


Í 5. viðauka breyttist færsla nr. 36 og orðast svo:

Efni	CAS-nr.	Leyfilegur hámarksstyrkur	Aðrar takmarkanir og kröfur	Notkunarreglur og varnaðarorð sem skylt er að prenta á umbúðir	EB tilvísunar-númer
a	b	c	d	e	f
<i>Methylalibromo Citaronitrile</i> 1,2-dibrom-2,4-disyanobútan	35691-65-7	0,1%	Má aðeins nota í vörur sem skolað er burt eftir notkun		36

Fylgiskjal 5.

9. VIÐAUKI

Tákn sem gefur til kynna takmarkaðan geymslutíma snyrtivöru eftir að umbúðir hafa verið opnaðar. Á aðeins við um snyrtivörur með geymslutíma sem er lengri en 30 mánuðir.

**REGLUGERÐ**

um ferðakostnað sjúkratryggðra og aðstandenda þeirra innanlands.

1. gr.

Gildissvið.

Purfi lækni í héraði að vísa sjúkratryggðum frá sér til óhjákvæmilegrar sjúkdómsmeðferðar á opinberum sjúkrastofnunum eða hjá öðrum aðilum heilbrigðiskerfisins sem sjúkratryggingar hafa gert samning við, tekur Tryggingastofnun ríkisins þátt í ferðakostnaði hans samkvæmt reglugerð þessari enda sé um að ræða meðferð sem stofnunin tekur þátt í að greiða. Kostnaður vegna ferða til tannréttinga, sem falla undir 10. gr. reglugerðar nr. 815/2002 um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við tannlækningar, fellur einnig undir reglugerð þessa.

2. gr.

Langar ferðir.

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í kostnaði við tvær ferðir sjúklings á 12 mánaða tímabili, þegar um er að ræða nauðsynlega ferð, a.m.k. 20 km vegalengd á milli staða, til að sækja að tilhlutan lækni í héraði óhjákvæmilega sjúkdómsmeðferð hjá þeim aðilum sem tilgreindir eru í 1. gr. til greiningar, meðferðar, eftirlits eða endurhæfingar. Skilyrði er að þjónustan sé ekki fyrir hendi í heimahéraði og að ekki sé unnt að nota eða bíða eftir skipulögðum lækningaferðum út í héruð á vegum heilbrigðisstjórnar eða annarra aðila.

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í ferðakostnaði vegna ítrekaðra ferða, samkvæmt sömu skilyrðum ef um er að ræða eftirtalda alvarlega sjúkdóma: illkynja sjúkdóma, nýrna-

bilun, alvarlega augnsjúkdóma, brýnar lýtalækningar, bæklunarlækningar barna og tannréttingar vegna meiri háttar galla eða alvarlegra tilefna skv. 9. gr. reglugerðar nr. 815/2002 um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við tannlækningar. Ennfremur er á sama hátt heimilt að endurgreiða vegna annarra sambærilegra sjúkdóma, alvarlegra vandamála í meðgöngu og vegna glasaftrývgunarmedferðar.

Tryggingastofnun ríkisins endurgreiðir 2/3 hluta kostnaðar af fargjaldi með áætlunarferð eða sé eigin bifreið notuð 2/3 hluta kostnaðar sem miðast við kr. 17,20 á ekinn km. Greiðsluhluti sjúklings skal þó aldrei verða hærri en kr. 1.500 í hverri ferð. Ef hluti sjúklings fer yfir kr. 10.000 á 12 mánaða tímabili skal greiðsluhluti hans aldrei verða hærri en kr. 500 í hverri ferð það sem eftir er tímabilsins.

Sé um að ræða áætlunarferðir endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins fargjald fylgdarmanns samkvæmt ákvæðum þessarar greinar ef sjúklingur er yngri en 18 ára eða ef hann er ekki fær um að ferðast á eigin vegum. Greiðsluhluti skal miðast við samanlagðan kostnað sjúklings og fylgdarmanns.

3. gr.

Stuttar og ítrekaðar ferðir.

Þegar um er að ræða nauðsynlegar ítrekaðar ferðir sjúklings vegna meðferðar á þeim alvarlegu sjúkdómum sem taldir eru upp í 2. mgr. 2. gr. endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins 3/4 hluta ferðakostnaðar með leigubifreið milli aðseturs sjúklings og meðferðarstaðar samkvæmt framlögðum kvittunum þótt vegalengd sé skemmri en 20 km, enda sé sjúklingur ekki fær um að ferðast með áætlunarbifreið eða almenningsvagni. Sé eigin bifreið notuð í slíkum tilvikum endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins 2/3 hluta kostnaðar sem miðast við kr. 17,20 á ekinn km.

4. gr.

Ýmis sérákvæði.

Taki nauðsynleg sjúkdómsmeðferð fjarri heimili sjúklings a.m.k. fjórar vikur endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt ákvæðum 2. gr. ferðir sjúklings heim aðra hverja helgi. Sé sjúklingur yngri en 18 ára er heimilt að endurgreiða samkvæmt ákvæðum 2. gr. ferðir sjúklings heim hverja helgi.

Tryggingastofnun ríkisins endurgreiðir samkvæmt ákvæðum 2. gr. daglegar bílferðir foreldris eða nánasta aðstandanda, allt að 200 km hvora leið, til að vitja sjúklings yngri en 18 ára á sjúkrahúsi enda sé um að ræða langvarandi eða ítrekaða sjúkrahúsvist. Endurgreiðsla flugferða takmarkast við eina ferð á viku.

Tryggingastofnun ríkisins endurgreiðir kostnað við ferðir vegna bráðatilvika sem farnar eru samkvæmt ákvörðun læknis og ekki er unnt að sinna í héraði. Með bráðatilviki er átt við slys eða sjúkdóma sem eru þess eðlis að heilsu sjúklings er bráð hætta búin sé þeim ekki sinnt innan mjög skamms tíma (48 stundir). Endurgreitt er samkvæmt ákvæðum 2. gr.

Tryggingastofnun ríkisins endurgreiðir kostnað við ferð sjúklings heim að loknum sjúkraflutningi. Endurgreitt er samkvæmt ákvæðum 2. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að endurgreiða kostnað við ferðir foreldra eða nánustu aðstandanda alvarlega fatlaðra einstaklinga og sjúklinga sem haldnir eru langvinnum og alvarlegum sjúkdómum til að sækja fræðslunámskeið sem viðurkennd eru af Tryggingastofnun. Endurgreitt er samkvæmt ákvæðum 2. gr.

Ef sjúklingur/aðstandandi á ekki bifreið og ekki er unnt að nota almenningsfarartæki af heilsufarslegum ástæðum, t.d. vegna sýkingarhættu, endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins 3/4 hluta í nauðsynlegum kostnaði í ferðum til sjúkdómsmeðferðar vegna leigubifreiðar (skemmri ferðir) eða leigu á bifreið hjá viðurkenndri bílaleigu.

Þurfi umsækjandi um örorkulífeyri eða endurhæfingarlífeyri að takast á hendur ferð til að mæta í viðtal eða skoðun vegna færnimats, örorkumats eða mats á endurhæfingarmögu-leikum sem Tryggingastofnun ríkisins telur nauðsynlegt að fari fram, er heimilt að endur-greiða ferðakostnað samkvæmt ákvæðum 2. gr.

5. gr.

Endurgreiðsla.

Tryggingastofnun ríkisins ákvarðar um rétt til endurgreiðslu ferðakostnaðar samkvæmt reglugerð þessari, þar á meðal um gildistíma ferðaheimildar. Með umsókn sinni um endur-greiðslu skal sjúklingur leggja fram staðfestingu á hverri komu frá þeim sem meðferðina veitir auk staðfestingar frá sjúkrahúsi um sjúkrahúslegu eftir því sem við á.

Sé um að ræða tvær ferðir sjúklings á tólf mánaða tímabili samkvæmt 1. mgr. 2. gr. skal sjúklingur framvísa staðfestingu læknis í héraði á því að hann hafi þurft að vísa sjúklingi til meðferðar utan héraðs þar sem þjónustan sé ekki fyrir hendi í heimahéraði og ekki hafi verið unnt að nota eða bíða eftir skipulögðum lækningaferðum.

Til þess að unnt sé að ákvarða um endurgreiðslu vegna langra ítrekaðra ferða samkvæmt 2. mgr. 2. gr. skal læknir í héraði senda Tryggingastofnun ríkisins skýrslu um sjúkling þar sem kemur skýrt fram að læknirinn geti ekki sinnt tilfellingu og skulu rök færð fyrir því. Einnig skulu koma fram almennar upplýsingar um sjúkling, sjúkdómsgreining og sjúkdóms-greiningarnúmer (ICD-númer). Þar skal enn fremur gera grein fyrir sjúkrasögu í stuttu máli, nauðsyn meðferðar, tímabilum hennar og fyrirhuguðum fjölda ferða. Þegar um er að ræða stuttar ítrekaðar ferðir samkvæmt 3. gr. skal meðferðaraðili senda Tryggingastofnun ríkisins skýrslu. Hið sama gildir um ferðir vegna fræðslunámskeiða samkvæmt 5. mgr. 4. gr. og þegar sjúklingi er ekki unnt að nota almenningsfarartæki af heilsufarslegum ástæðum, sbr. 6. mgr. 4. gr.

Ákvörðun Tryggingastofnunar samkvæmt 2. og 3. mgr. skal að jafnaði liggja fyrir áður en ferð er farin nema um bráðatilvik sé að ræða.

Við endurgreiðslu skal framvísa farseðlum ef ferð er farin með flugi, ferju, áætlanarbif-reið eða öðrum almenningsfarartækjum. Hið sama gildir um kvittanir fyrir greiðslu annars kostnaðar sem reglugerð þessi tekur til, þ. á m. vegna leigu á bifreið, leigubifreiða og fyrir greiðslu vegtolla. Umboð Tryggingastofnunar ríkisins getur krafist kvittana fyrir eldsneyti ef eigin bifreið er notuð.

Viðmiðunargjald á ekinn km samkvæmt 1. ml. 3. mgr. 2. gr. og 2. ml. 3. gr. breytist í hlutfalli við akstursgjald ríkisstarfsmanna samkvæmt auglýsingu ferðakostnaðarnefndar á hverjum tíma.

6. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í i-lið 1. mgr. 36. gr., sbr. 3. mgr. 36. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur tryggingaráðs nr. 213/1999 um ferðakostnað sjúkratryggðra sjúklinga og aðstandenda þeirra innanlands, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 28. október 2004.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUR

um fjárhagsaðstoð félagsþjónustu Austur-Húnavatnssýslu.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Þeim sem nýtir aðstoðar samkvæmt reglum þessum ber að taka hverri þeirri atvinnu sem býðst nema veikindi, örorka, aldur eða aðrar gildar vottfestar ástæður hamli því.

2. gr.

Fjárhagsaðstoð skal veita í eftirtöldum tilvikum eftir því sem nánar er kveðið á um í reglum þessum:

1. Til einstaklinga og fjölskyldna sem hafa ónógar tekjur sér til framfærslu og geta ekki séð sér og sínum farborða, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.
2. Þar sem um er að ræða fjárhagsaðstoð með það að markmiði að koma í veg fyrir að einstaklingar eða fjölskyldur komist í þá aðstöðu að geta ekki framfleytt sér. Aðstoð þessa skal að öllu jöfnu veita sem lán og ætíð í tengslum við fjárhagsráðgjöf.
3. Þegar um er að ræða fjárhagsaðstoð sem lið í endurhæfingu og stuðning til sjálfsbjargar, enda ekki í verkahring annarra að veita hana.

Kanna skal til þrautar möguleika á annarri aðstoð en fjárhagsaðstoð og henni aðeins beitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði, s.s. ráðgjöf og leiðbeiningar.

3. gr.

Fjárhagsaðstoð er ýmist í formi styrkja eða lána. Fjárhagsaðstoð skal veitt sem lán nema könnun á aðstæðum umsækjanda leiði í ljós að hann muni ekki vera fær um að endurgreiða hana. Heimilt er að taka vexti af lánum, þó aldrei hærri en meðalútlánsvexti lánastofnana á hverjum tíma.

4. gr.

Fjárhagsaðstoð, veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi skjólstæðings, er ávallt endurkræf. Máli er varðar vísvitandi ranga upplýsingagjöf af hálfu skjólstæðings skal að öllu jöfnu vísað til lögreglu.

Telji starfsmaður dvöl skjólstæðings í eða utan sveitarfélags ekki samræmast ákvæði lögheimilislaga nr. 21/1990 skal tekin ákvörðun, í samráði við viðkomandi sveitarfélag, um það hvort málið verði sent Hagstofu Íslands til athugunnar.

5. gr.

Réttur til fjárhagsaðstoðar skapast í þeim mánuði sem sótt er um aðstoð. Fjárhagsaðstoð er að öllu jöfnu ekki greidd aftur í tímann, jafnvel þó umsækjandi hafi átt rétt á aðstoð en ekki leitað hennar. Félagsmálaráði Austur-Húnavatnssýslu er þó í undantekningartilfellum heimilt, vegna sérstakra aðstæðna umsækjanda, að greiða aðstoð aftur í tímann, þó ekki lengra en sem nemur fjórum mánuðum frá því að umsókn var móttækin.

Börn 18 ára og yngri eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni.

6. gr.

Beiðni um fjárhagsaðstoð skal hafa borist eigi síðar en 25. hvers mánaðar, sé hún samþykkt er hún að öllu jöfnu greidd út 1. virka dag næsta mánaðar á eftir.

Sé sú krafa gerð til umsækjenda að ná í staðfestingu á samþykki fjárhagsaðstoðar og það ekki gert innan fjögurra vikna frá því hún er samþykkt er lítið svo á að hennar þurfi ekki við og fellur hún því niður, nema sérstakar aðstæður umsækjanda komi til.

7. gr.

Öll fjárhagsaðstoð, vasapeningar sem og styrkir teljast til skattskyldra tekna.

II. KAFLI

Umsókn um fjárhagsaðstoð og undirbúningur mála.

8. gr.

Sækja skal um fjárhagsaðstoð á skrifstofu félagsþjónustu Austur-Húnavatnssýslu. Við mat á beiðnum um fjárhagsaðstoð skulu ætíð liggja fyrir eftirfarandi gögn með upplýsingum um umsækjanda og maka eða sambúðaraðila, enda eru þeir jafnframt skilgreindir sem umsækjendur:

1. Umsókn á þar til gerðu eyðublaði undirrituð af umsækjendum. Þar komi m.a. fram upplýsingar um fjölskyldustærð, tekjur, eignir, skuldir, atvinnu, húsnæðisaðstæður, lögheimili (sbr. lög nr. 21/1990 um lögheimili), ríkisfang og dvalarstað. Ef umsækjandi er ófær um að undirrita umsókn, skal umsóknin undirrituð af talsmanni hans. Einnig þarf bankareikningsnúmer og viðskiptabanki umsækjanda að koma fram á umsókninni.
2. Upplýsingar um bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, afrit af launaseðlum síðustu þriggja mánaða, reiknað endurgjald, greiðslur frá lífeyrissjóðum, atvinnuleysistryggingum eða öðrum aðilum. Einnig upplýsingar um húsaleigubætur, staðfest afrit af skattframtali ásamt fylgigögnum þ.m.t. allar upplýsingar um eigin atvinnurekstur, landbúnaðarframtal og/eða búrekstrarreikning ef við á. Upplýsingar um lánamöguleika.
3. Atvinnulaus umsækjandi skal framvísa dagpeningavottorði eða staðfestingu á vikulegum mætingum frá atvinnumiðlun en læknisvottorði ef um sjúkradagpeninga er að ræða.
4. Umsækjanda er skylt að skila sjálfur inn þeim gögnum sem með umsókn skulu fylgja og tiltekin eru hér að ofan. Ekki er unnt að afgreiða umsókn nema tilskilin gögn liggi fyrir.
5. Rökstudd tillaga starfsmanns um afgreiðslu málsins, þar sem gerð er grein fyrir hvort forsendur séu fyrir og markmiðum með fjárhagsaðstoð.

III. KAFLI

Framfærslukostnaður og mat á fjárþörf.

9. gr.

Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar skal ganga út frá fjárþörf viðkomandi sem er mismunur framfærslukostnaðar og tekna og/eða bóta viðkomandi. Við mat á upphæð framfærslukostnaðar skal hliðsjón höfð af framfærslugrunni sem miðaður er við lífeyrisgreiðslur Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 21. grein. Við ákvörðun grunnfjárhæðar eru hafðar til hliðsjónar greiðslur almannatrygginga á hverjum tíma, sem nema samanlagðri mánaðargreiðslu örorkulífeyris, tekjutryggingar örorkulífeyrisþega og heimilisuppbótar. Utan framfærslukostnaðar eru ákveðnir útgjaldaliðir og skal tekið tillit til þeirra í hverju einstöku tilviki.

10. gr.

Til grundvallar greiðslu fjárhagsaðstoðar skal leggja framfærslukostnað og önnur viðrkennd útgjöld eftir því sem við á og heimilað er í hverju einstöku tilviki.

I. Framfærslukostnaður. Eftirtaldir þættir falla m.a. innan framfærslukostnaðar miðað við mánaðargreiðslur og á útreiknaður framfærslukostnaður að standa undir þessum útgjöldum:

- A. Matur og drykkjarvörur.
- B. Fatnaður.
- C. Heimilisbúnaður.
- D. Hreinlætis- og snyrtivörur.
- E. Lyf og læknishjálp.
- F. Afnotagjald síma og útvarps.
- G. Skemmtanir og lesefni.
- H. Fargjöld almenningsvagna.
- I. Hiti og rafmagn.
- J. Húsnæðiskostnaður í leiguhúsnæði miðað við leiguhúsnæði sveitarfélags eða annar eðlilegur húsnæðiskostnaður.
- K. Dagvistarkostnaður barna á leikskólaaldri.

II. Önnur viðurkennd útgjöld, sem veita má aðstoð til í einstökum tilvikum.

Heimilt er að veita aðstoð vegna eftirtalinnna liða að hluta eða öllu leyti:

- A. Vistunarkostnaður vegna barna sem dvelja utan heimilis. Mötuneytiskostnaður skóla skv. reikningi, en annar kostnaður t.a.m. vasapeninga skv. samþykki félagsmálaráðs.
- B. Vistgjöld og vasapeningar á sambýlum, áfangastöðum, meðferðarstofnun og hliðstæðum stofnunum að hámarki í 8 vikur eftir að dvöl á meðferðar- og sjúkrastofnun lýkur.
- C. Fermingarstyrkur, sem nemur 50% af grunnaðstoð einstaklings.
- D. Styrkur til vistmanna sem dvelja á heilbrigðisstofnun og hafa verið þar a.m.k. í 4 mánuði eða fyrirsjáanlegt er að dvölin verði löng. Ætíð skal liggja fyrir greinargerð frá viðkomandi stofnun og vissa fyrir að Tryggingastofnun ríkisins eða öðrum aðilum beri ekki að greiða umræddan kostnað.

Hámark á ári:

Fatnaður	45.000 kr.
Tannviðgerðir	50.000 kr.
Gleraugu	22.000 kr.

- E. Útfararkostnaður þegar eignir eru ekki til staðar og ættingjar geta ekki séð um greiðslu kostnaðar. Til hliðsjónar við ákvörðun vegna slíks styrks skal litið til meðalkostnaðar jarðarfarar á vegum Útfararstofu kirkjugarðanna. Styrkur þessi skal þó eigi vera hærri en sem nemur 230.000 kr.
- F. Lán eða styrkur til fyrirframgreiðslu húsaleigu að hámarki sem samsvarar tveggja mánaða húsaleigu, miðað við leiguhúsnæði sveitarfélags eða annar eðlilegur húsnæðiskostnaður.
- G. Húsbúnaðarstyrkur til einstaklinga og fjölskyldna að hámarki 70.000 kr.
- H. Áfallaðstoð til fólks með tekjur undir viðmiðunarmörkum vegna skyndilegs missis búslóðar eða annars eignamissis t.a.m. vegna bruna, veikinda eða annarra áfalla að hámarki 150.000 kr.
- I. Fæðingarstyrkur til þeirra sem eru að eignast sitt fyrsta barn að hámarki 50.000 kr.
- J. Skólstyrkur vegna barna í grunnskóla að hámarki kr. 10.000 á önn, sem greiðist í upphafi hverrar annar.
- K. Styrkur eða lán vegna íþróttar eða tómstundastarfs barna.
- L. Greiðsla sérfræðiaðstoðar fyrir fólk með tekjur undir viðmiðunarmörkum. Til greiðslu tannviðgerða að hámarki 50.000 kr. skv. reikningi. Vegna viðtala við geðlækna, sálfræðinga og félagsráðgjafa að hámarki 10 tímar samkvæmt reikningi.

Aðstoð samkvæmt ofangreindu er bundin við þá sem hafa tekjur undir viðmiðunarmörkum þegar umsókn er lögð fram, eða hafa átt rétt á fjárhagaðstoð síðastliðna fjóra mánuði.

Hliðsjón skal höfð af hagsmunum barna innan fjölskyldu við ákvörðun lán- og styrkveitinga.

IV. KAFLI

Meðferð tekna og útreikningur fjárhagsaðstoðar.

11. gr.

Skili umsækjandi ekki inn skattkorti mun staðgreiðsla skatta verða dregin frá reiknaðri fjárförf umsækjanda (sbr. 7. gr.) í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma.

12. gr.

Tekjur þær sem tilgreindar eru í 13. grein, koma til frádráttar við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar. Til frádráttar koma einnig stéttarfélagsgjöld og greiðslur til lífeyrissjóða. Ef umsækjandi á eign sem ekki er nauðsynleg vegna heilsu hans eða starfa, eða er augljóslega umfram efnahag hans og þarfir, skal miða við að sala fari fram áður en til fjárhagsaðstoðar til framfærslu kemur.

Ef við á skal leitast við að styðja umsækjanda við að skuldbreyta lánnum, áður en til fjárhagsaðstoðar kemur.

13. gr.

Nánar tilgreint reiknast eftirfarandi tekjur til frádráttar:

- Laun umsækjanda og annarra fjölskyldumeðlima. Til fjölskyldumeðlima teljast umsækjandi, maki umsækjanda og börn hans.
- Allar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, nema þær sem tilgreindar eru hér að neðan.
- Atvinnuleysisbætur.
- Fjármagnstekjur að frádregnum fjármagnsgjöldum.
- Leigutekjur að frádregnum rekstrarkostnaði vegna húsnæðis.
- Endurgreiðslur vegna ofgreidds skatts.
- Greiðslur úr lífeyrissjóðum.
- Þegar umsækjandi býr í foreldrahúsum, hjá ættingjum eða öðrum, skal meta framfærslukostnað með hliðsjón af sannanlegum útgjöldum. Þó skal framfærslukostnaður umsækjanda sem er barnlaus og býr í foreldrahúsum aldrei metinn hærri en 50% af framfærslugrunni einstaklings.
- Hvers konar styrkir og hlunnindi.
- Skaðabætur hvers konar án tillits til uppruna t.a.m. vegna slyss eða dóms eða hvern hátt annan þær eru tilkomnar, að undanskyldum dánarbótum sbr. hér að neðan.

Undanþegið frádrætti:

- Umönnunarbætur.
- Styrkir Tryggingastofnunar ríkisins til bifreiða og hjálpertækjakaupa.
- Dánarbætur vegna slyss.
- Húsaleigu- og vaxtabætur.

14. gr.

Þegar umsækjandi býr í foreldrahúsum, hjá ættingjum eða öðrum sem ætla má að taki þátt í framfærslu viðkomandi með beinum eða óbeinum hætti, skal meta framfærslukostnað með hliðsjón af sannanlegum útgjöldum umsækjanda, enda sé í umsókn um fjárhagsaðstoð ekki tekið mið af öðrum en umsækjanda, maka hans og börnum.

15. gr.

Hafni umsækjandi vinnu eða námstilboði skal sá hinn sami eigi hljóta meira en sem nemur helmingi framfærslugrunns.

Ef umsækjandi getur ekki framvísað staðfestingu á mætingum til vinnumiðlunar og/eða vottorði án viðunandi skýringa á hann ekki rétt á fjárhagsaðstoð fyrir þann tíma sem um ræðir.

16. gr.

Fjárhagsaðstoð til umsækjenda sem eiga við áfengis- og/eða vímuefnavanda að etja skal að jafnaði miðast við greiðslu húsaleigu, matar- og vasapeninga. Greiða skal húsaleigu beint til leigusala.

Til að mæta öðrum kostnaði skulu umsækjendur fá sem svarar vasapeningum (sjá kafla V) og eru þeir greiddir út vikulega.

Hafi umsækjandi ekki náð tókum á áfengis- og/eða vímuefnavanda sínum eftir endurtekna meðferðir, er heimilt að skilyrða frekar greiðslur með þeim hætti sem helst þykir til þess fallinn að bæta úr vanda umsækjandans og tryggja lágmarkslífsviðurværi viðkomandi.

17. gr.

Heimilt er með ákvörðun félagsmálaráðs að veita einstaklingum undir 25 ára aldri námsaðstoð til náms í íslenskum framhaldsskólum:

- Til einstaklinga 18-24 ára, sem hafa ekki lokið grunnskóla eða framhaldsskóla vegna félagslegra erfiðleika og metur félagsmálaráð fjárhagsstöðu umsækjenda.
- Til einstæðra foreldra 18-24 ára, sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla sem hafa haft undir 75% af framfærslugrunni skv. 21. grein síðastliðna 12 mánuði.
- Vegna ungmenna, 16 og 17 ára, er búa í foreldrahúsum og foreldrar þeirra hafa haft tekjur á eða undir framfærslugrunni skv. 21. grein a.m.k. undanfarna 12 mánuði. Skal sú aðstoð miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað svo og skólagjöld einu sinni á vetri.

Miðað skal að því að námið leiði til þess að viðkomandi geti hafið nám síðar, sem er lánshæft hjá LÍN.

Sú aðstoð sem veitt er skal miða að því að greiða skólagjöld og áætlaðan bókakostnað, auk framfærslu þann tíma sem námið varir, þ.e. til fjárráða einstaklinga. Meðlag sem umsækjandi kann að fá reiknast honum til tekna.

Samþykktir varðandi námskostnað skulu teknar fyrir hverja önn, þannig að aðstoð greiðist áfram þegar umsækjandi sýnir eðlilega námsframvindu.

18. gr.

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar sem hafa lægri mánaðartekjur, samkvæmt reiknuðu endurgjaldi á ársgrundvelli, en sem nemur grunnfjárhæð sem aðstoð miðast við, eiga rétt á fjárhagsaðstoð. Skilyrði er að viðkomandi sé á skrá hjá Svæðismiðlun Norðurlands vestra og leiti eftir launuðu starfi.

Auk reiknaðs endurgjalds skal tekið tillit til tekna samkvæmt 13. grein og hreinna tekna af eigin atvinnurekstri skv. síðasta skattframtali.

Við mat á hreinum tekjum skal taka tillit til rekstrarliða sem ekki hafa áhrif á fjárhagsstöðu. Jafnframt skal lagt mat á rekstur yfirstandandi árs m.t.t. þess hvort orðið hafa breytingar á rekstrinum sem ætla má að leiði til annarrar niðurstöðu.

Heimilt er að hafna/fella niður fjárhagsaðstoð ef Svæðisvinnumiðlun Norðurlands vestra tekur viðkomandi af skrá þar sem ekki sé vilji til að taka þeim störfum sem í boði eru.

19. gr.

Við útreikning á fjárþörf heimilisins skal miða við að framfærslugrunnur fullorðins einstaklings jafngildi samanlögðum óskertum elli- og örorkulífeyri, tekjutryggingu örorkulífeyrisþega og óskertri heimilissuppbót, eins og þessar greiðslur eru ákvarðaðar af Tryggingastofnun ríkisins á hverjum tíma.

Einstaklingur á rétt á einföldum framfærslugrunni. Ef sambúðarfólk eða hjón sækja um fjárhagsaðstoð skal framfærslugrunnur margfaldaður með 1,6 til að ákvarða upphæð framfærslu.

20. gr.

Við útreikning á framfærslukostnaði og ráðstöfunarfé skal að jafnaði tekið mið af tekjum og gjöldum síðustu þriggja mánaða.

Greiðslum sem koma sjaldnar en mánaðarlega skal deilt niður á þá mánuði sem þær eru ætlaðar fyrir t.d. barnabætur.

21. gr.

Við útreikning á fjárhagsaðstoð skal koma fram annars vegar framfærslukostnaður ásamt öðrum gjöldum og hins vegar ráðstöfunarfé einstaklings eða fjölskyldu.

Fjárþörf ákvarðast af framfærslukostnaði að frádrögnum tekjum, sbr. 10. og 11. grein hér að framan.

V. KAFLI

Vasapeningar.

22. gr.

Vasapeningar skulu nema 10% af framfærslugrunni á viku til einstaklings sem dvelur í foreldrahúsum, heimavist, annarri sjálfstæðri búsetu og til einstaklinga sem félagsmálaráð samþykkir að veita vasapeninga, sbr. 17. grein.

Vasapeningar til einstaklings sem dvelur á meðferðar- eða sjúkrastofnun, sbr. II. B lið 10. greinar, skulu taka mið af sjúkradagpeningum Tryggingastofnunar ríkisins.

Vasapeningar til þeirra er falla undir 17. grein hér að ofan, taka mið af sjúkradagpeningum Tryggingastofnunar ríkisins á hverjum tíma.

Vasapeningar skulu að öllu jöfnu vera greiddir út vikulega.

VI. KAFLI

Ákvarðanataka um fjárhagsaðstoð, réttur til áfrýjunar.

23. gr.

Ákvörðun um fjárhagsaðstoð taka eftirtaldir:

- Félagsmálaráð
- Félagsmálastjóri

24. gr.

Félagsmálaráð fer með eftirtalin mál varðandi fjárhagsaðstoð:

- Setur heildarreglur um afgreiðslu fjárhagsaðstoðar til einstaklinga og fjölskyldna og hefur eftirlit með að farið sé eftir þeim.
- Fjallar um öll stefnumarkandi mál varðandi fjárhagsaðstoð.
- Fjallar um umsóknir umfram staðfestar hámarksupphæðir sem og ef um er að ræða undanþágur frá reglum þessum.
- Fjallar um umsóknir þar sem reglur þessar kveða á um slíkt.
- Fjallar um áfrýjanir.

25. gr.

Félagsmálastjóra er heimilt að ákvarða fjárhagsaðstoð í eftirfarandi tilvikum:

- Fjárhagsaðstoð skv. framfærslumati og rúmast innan heimilda.
- Skyndiaðstoð í allt að tvær vikur, eða þar til félagsmálaráð kemur saman. Veitt skyndiaðstoð skal ávallt koma til frádráttar þegar aðstoð er reiknuð skv. IV. kafla.
- Húsnæðis- og vistunarfyrirgreiðslu, í allt að eina viku, þegar um húsnæðisleysi er að ræða eða barni er hætta búin á heimili.

26. gr.

Almennt skal fjárhagsaðstoð samþykkt til eins mánaðar í senn. Heimilt er í sérstökum tilvikum að samþykkja fjárhagsaðstoð til lengri tíma þó aldrei lengur en 3 mánuði í senn.

27. gr.

Ákvarðanir félagsmálastjóra skulu lagðar fyrir félagsmálaráð til staðfestingar að jafnaði einu sinni í mánuði.

28. gr.

Ákvörðun félagsmálastjóra um synjun fjárhagsaðstoðar má skjóta til félagsmálaráðs Austur-Húnavatnssýslu. Ákvörðun félagsmálaráðs Austur-Húnavatnssýslu má skjóta til úrskurðarnefndar félagsþjónustu, Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu, 101 Reykjavík.

Áfrýjun skal vera skrifleg og berast viðkomandi stjórnvaldi eigi síðar en fjórum vikum eftir að viðkomandi var kunnugt um ákvörðun.

VII. KAFLI

Breyting láns í styrk.

29. gr.

Ákveði félagsmálaráð að breyta láni til lánþega í styrk skal styrkuppþæð tilgreind jöfn eftirstöðvum lánsfjárhæðar. Þegar láni er breytt í styrk skal umsækjanda gerð grein fyrir að styrkurinn ber tekjuskatt skv. gildandi lögum á hverjum tíma.

VIII. KAFLI

Greiðsla fjárhagsaðstoðar, lána, styrkja, frágangur mála og eftirlit.

30. gr.

Launafulltrúi félagsþjónustunnar gengur frá greiðslum vegna fjárhagsaðstoðar, styrkja og lána samkvæmt greiðsluheimildum frá félagsmálaráði eða félagsmálastjóra.

31. gr.

Almenna reglan vegna greiðslu fjárhagsaðstoðar er sú að fjárhagsaðstoð skal lögð inn á bankareikning umsækjanda einu sinni í mánuði.

Vasapeningar eru að öllu jöfnu greiddir út vikulega.

Launafulltrúa er heimilt, í samráði við félagsmálastjóra, að hagræða greiðslu fjárhagsaðstoðar á þann veg að umsækjandi haldi húsnæði og lágmarkslífsviðurværi sé tryggt, sbr. 15. grein hér að ofan.

32. gr.

Lán kemur því aðeins til útborgunar að gengið hafi verið frá tryggingu í samræmi við samþykkt:

- Umboði í tryggingabótum, þegar það á við.
- Almenn skuldabréf, þegar ekki er um að ræða veðhæfa eign eða tryggingabætur.

- Veðskuldabréf þegar um er að ræða veðhæfa eign.
- Launafulltrúi félagsþjónustunnar hefur eftirlit með frágangi og tryggingu lána. Þá annast launafulltrúi innheimtu lána og sér um skjólstæðingabókhald.

33. gr.

Ætíð ber að kanna reikningsstöðu umsækjanda um lán áður en mál eru afgreidd. Ekki skal veita ný lán nema staðið hafi verið í skilum vegna eldri lána skv. greiðslufyrirkomulagi eða gerð grein fyrir greiðsludrætti á fullnægjandi hátt.

34. gr.

Félagsmálaráði er frjálst að breyta greiðsluskilmálum láns komi í ljós að lántaki er ekki fær um endurgreiðslu láns, einnig getur félagsmálaráð breytt láninu í styrk sbr. 24. grein hér að ofan.

35. gr.

Launafulltrúi tekur saman yfirlit yfir heildargreiðslur vegna fjárhagsaðstoðar mánaðarlega og skal það afhent félagsmálastjóra.

Gildistaka.

Reglur þessar voru samþykktar hjá stjórn félagsþjónustu Austur-Húnavatnssýslu þann 18. desember 2003 í samræmi við 21. grein laga um félagsþjónustu sveitafélaganna. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Blönduósi, 25. október 2004.

Dagný Annasdóttir, félagsmálastjóri Austur-Húnavatnssýslu.

AUGLÝSING

um deiliskipulag Skógarlanda 3, Egilsstöðum.

Bæjarstjórn Austur-Héraðs hefur þann 2. júní 2004 samþykkt deiliskipulag fyrir lóð nr. 3 við Skógarlönd, Egilsstöðum.

Á lóðinni er samkomuhús, ásamt hótél- og veitingarekstri.

Gert er ráð fyrir 4ra hæða hótélbyggingu á lóðinni, að heildarflatarmáli allt að 5.800 m², sem tengd verður húsinu sem fyrir er. Að auki er gert ráð fyrir annarri viðbyggingu við húsið, 1-2 hæðir og allt að 600 m².

Ofangreint deiliskipulag, sem hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 gera ráð fyrir, öðlast þegar gildi.

Egilsstöðum, 29. október 2004.

Þórhallur Pálsson skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um leikmannastefnu.

„STARFSREGLUR um leikmannastefnu.

1. gr.

Biskup Íslands boðar til leikmannastefnu í samráði við leikmannaráð.

2. gr.

Leikmannastefna er vettvangur almennra skoðanaskipta um málefni leikmanna og faglegur samráðsvettvangur aðila.

3. gr.

Leikmannastefna:

- 1) Fjallar um málefni leikmanna, hlutverk og störf sókna og sóknarnefnda, svo og um starf kristilegra félagasamtaka og aðra þjónustu kirkjunnar við söfnuði landsins.
- 2) Kemur sameiginlega fram fyrir hönd leikmanna, sókna og sóknarnefnda gagnvart stjórnvöldum, stofnunum kirkjunnar, starfsmönnum hennar og samtökum þeirra svo og öðrum aðilum eftir því, sem við á.
- 3) Eflir þátttöku leikmanna í starfi kirkjunnar og kynni þeirra sín á milli.

4. gr.

Á leikmannastefnu eiga sæti með málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt, tveir fulltrúar leikmanna fyrir hvert prófastsdæmi, sem kjörnir eru á héraðsfundum til fjögurra ára í senn. Þó skulu prófastsdæmi með fleiri en 15 þús. íbúa eiga þrjá fulltrúa á leikmannastefnu og prófastsdæmi með fleiri en 30 þús. íbúa eiga fjóra fulltrúa. Kjósa skal varamann fyrir hvern fulltrúa.

5. gr.

Leikmannastefnu með málfrelsi og tillögurétt sitja:

- 1) Biskup Íslands eða fulltrúi hans.
- 2) Forseti kirkjuþings eða varaforseti.
- 3) Leikmenn á kirkjuþingi.
- 4) Leikmenn í kirkjuráði.
- 5) Aðrir þeir sem biskup Íslands tilnefnir hverju sinni í samráði við leikmannaráð.
- 6) Fulltrúi frá hverjum þeim samtökum og félögum sem starfa á landsvísu innan þjóðkirkjunnar.

6. gr.

Héraðsfundur getur ekki tilnefnt kjörinn kirkjuþingsmann eða kirkjuráðsmann sem fulltrúa leikmanna í prófastsdæmi. Tilnefna má þó varamann á kirkjuþingi eða í kirkjuráði, sem ekki á sæti á kirkjuþingi, sem fulltrúa prófastsdæmis.

Ef tilnefndur fulltrúi leikmanna í prófastsdæmi er kjörinn á kirkjuþing eða í kirkjuráð sem aðalmaður eða tekur sæti þar sem varamaður, eftir að hann hefur verið tilnefndur til setu á leikmannastefnu, skal varamaður taka sæti hans. Kjósa skal nýjan aðalmann á næsta héraðsfundi þar á eftir sem situr út kjörtímabilið.

7. gr.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á leikmannastefnu. Hver fulltrúi á leikmannastefnu sem nefndur er í 4. gr. fer með eitt atkvæði á leikmannastefnu.

8. gr.

Fulltrúar leikmannastefnu kjósa leikmannaráð úr hópi leikmanna skv. 4. gr. til fjögurra ára. Leikmannaráð er skipað þremur mönnum og jafnmörgum til vara og skulu þeir skipta með sér verkum. Leikmannastefna getur samþykkt að auka fjölda fulltrúa í leikmannaráði. Enn fremur er heimilt að kveða á í samþykktum leikmannastefnu, sbr. 9. gr. að kjósa skuli hluta leikmannaráðs á tveggja ára fresti. Leikmannaráð sér um undirbúning og framkvæmd leikmannastefnu í samráði við biskup Íslands og er í fyrirsvari fyrir leikmannastefnu milli stefna. Þá annast leikmannaráð um framkvæmd þeirra mála sem leikmannastefna vísar til ráðsins. Kosning til leikmannaráðs, nefnda og annarra trúnaðarstarfa á vegum leikmannastefnu skal vera skrifleg og leynileg. Heimilt er leikmannastefnu að kjósa þriggja manna uppstillingarnefnd er gerir tillögu um þá sem kjósa skal. Skal kveðið nánar á um störf uppstillingarnefndar og val til hennar í samþykktum leikmannastefnu, sbr. 9. gr.

9. gr.

Leikmannastefna setur á grundvelli þessara starfsreglna, samþykktir um fjármál, kosningar, stjórn, skipulag og viðfangsefni leikmannastefnu og leikmannaráðs, svo og þingsköp stefnunnar. Þeir aðilar sem eiga fulltrúa á leikmannastefnu, bera ferðakostnað af þátttöku hans.

10. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru skv. heimild í 58. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar árið 2005. Jafnframt falla brott frá sama tíma starfsreglur um leikmannastefnu nr. 822/1999.

Ákvæði til bráðabirgða

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. skal kjósa fulltrúa prófastsdæma á leikmannastefnu til tveggja ára á héraðsfundum 2005 samkvæmt ákvæðum starfsreglna þessara og sitja þeir fyrst leikmannastefnu 2006. Héraðsnefndir tilnefna viðbótarfulltrúa til setu á leikmannastefnu árið 2005 í prófastsdæmum þar sem fleiri en einn fulltrúi situr leikmannastefnu. Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. skal kosið til leikmannaráðs á leikmannastefnu árið 2005. Kosið skal aftur til leikmannaráðs árið 2007.

Gjört í Reykjavík, 22. október 2004.

Jón Helgason,
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 22. október 2004.

F.h. kirkjuráðs

Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 888/1999 fyrir Háskólann á Akureyri.

1. gr.

2. ml. 4. mgr. 18. gr. orðast svo: Læknisvottorði skal skilað til kennsluviðs skólans við fyrstu hentugleika og eigi síðar en fimm virkum dögum eftir að próf var haldið, annars telst hann hafa þreytt prófið.

2. gr.

3. ml. 6. mgr. 18. gr. fellur brott.

3. gr.

3. ml. 8. mgr. 18. gr. orðast svo: Úrsögn úr prófi skal vera skrifleg og hafa borist kennsluviði eigi síðar en á lokadegi skráningar.

4. gr.

11. mgr. 18. gr. orðast svo: Kennsluvið sér um færslu einkunna og varðveislu þeirra. Það sér um að birta stúdentum einkunnir. Að liðnu ári frá prófdegi skal úrlausnum eytt.

5. gr.

12. mgr. 18. gr. orðast svo: Rektor ræður prófstjóra sem annast undirbúning og framkvæmd prófa í samráði við deildarforseta og kennsluvið.

6. gr.

Reglur þessar eru samþykktar á grundvelli laga nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri, sbr. reglur nr. 888/1999, um Háskólann á Akureyri, með áorðnum breytingum.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 27. september 2004.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

*Sigrún Sveinbjörnsdóttir,
varaforseti háskólaráðs.*

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um brottfall starfsreglna um fræðslu fyrir leikmenn innan kirkjunnar nr. 823/2000.

„STARFSREGLUR

um brottfall starfsreglna um fræðslu fyrir leikmenn
innan kirkjunnar nr. 823/2000.

1. gr.

Starfsreglur um fræðslu fyrir leikmenn innan kirkjunnar nr. 823/2000 falla brott.

2. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. júlí 2005.

Gjört í Reykjavík, 22. október 2004

Jón Helgason,
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 22. október 2004.

F.h. kirkjuráðs

Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998.

„STARFSREGLUR
um breyting á starfsreglum um
skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998.

1. gr.

Barðastrandarprófastsdæmi og Ísafjarðarprófastsdæmi sameinast.
Heiti hins sameinaða prófastsdæmis verður Vestfjarðarprófastsdæmi.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru skv. heimild í 50. gr. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. september 2006, eða við starfslok núverandi prófasts í Barðastrandarprófastsdæmi.

Gjört í Reykjavík, 22. október 2004.

Jón Helgason,
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 22. október 2004.

F.h. kirkjuráðs

Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Hafnarfirði.

Breyting á deiliskipulagi og skilmálum athafnasvæðisins í Hellnahrauni, fyrir lóðina Steinhella 15.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 25. ágúst 2004 breytingu á deiliskipulagi og skilmálum athafnasvæðisins í Hellnahrauni, fyrir lóðina Steinhella 15 í Hafnarfirði. Breytingin felst m.a. í að gert er ráð fyrir auka byggingarreit á lóðinni. Jafnframt er lóðin stækkuð til norðurs. Farið var með breytinguna samkv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir „Hafnarfjörður Miðbær“ vegna Suðurgötu 25.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 28. september 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Hafnarfjörður Miðbær“ vegna Suðurgötu 25 í Hafnarfirði. Breytingin felst í endurbyggingu bílskúrs. Farið var með breytinguna samkv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 26. október 2004.

F.h. umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar,

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri.

REGLUGERÐ

um Skaftafellspjóðgarð.

I. KAFLI

Inngangur og markmið.

1. gr.

Reglugerð þessi er um Skaftafellspjóðgarð í Sveitarfélaginu Hornafirði og Skaftárhreppi, sem stofnaður var 15. september 1967.

Um þjóðgarðinn gilda ákvæði 51. og 52. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 og ákvæði reglugerðar þessarar.

Markmiðið með stofnun og rekstri Skaftafellspjóðgarðs er að vernda landslag, lífríki og menningarminjar svæðisins og gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru þess og sögu. Auðvelda skal almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unnt er án þess að náttúra hans spillist og efla skal fræðslu um náttúru, sögu og mannlíf svæðisins. Landnýting innan þjóðgarðs skal vera í samræmi við markmið hans og byggja á sjónarmiðum sjálfbærrar þróunar.

II. KAFLI Stjórn þjóðgarðsins.

2. gr.

Umhverfisstofnun fer með stjórn þjóðgarðsins. Henni til ráðgjafar starfar ráðgjafarnefnd sem umhverfisráðherra skipar til 4 ára í senn. Í nefndinni eiga sæti fulltrúi Umhverfisstofnunar sem skal vera formaður, einn fulltrúi tilnefndur af Sveitarfélaginu Hornafirði, einn tilnefndur af Skaftárhreppi og tveir tilnefndir af ferðamálasamtökum í viðkomandi landshlutum. Þjóðgarðsvörður situr fundi nefndarinnar og er jafnframt ritari hennar. Nefndin skal halda fundi eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Halda skal fundargerð um efni funda nefndarinnar og skal hún staðfest af fundarmönnum.

Ráðgjafarnefnd skal vera Umhverfisstofnun til ráðgjafar um málefni þjóðgarðsins og veita umsögn um helstu mál er þjóðgarðinn varða, svo sem um framkvæmdir og starfsemi innan þjóðgarðsins, ráðningu þjóðgarðsvarðar, fjárhags- og rekstraráætlun, ársskýrslu og verndaráætlun þjóðgarðsins og önnur þau erindi sem Umhverfisstofnun beinir til nefndarinnar.

3. gr.

Umhverfisstofnun ræður þjóðgarðsvörð til að fara með daglegan rekstur þjóðgarðsins. Þjóðgarðsvörður skal gera tillögu til Umhverfisstofnunar um rekstur hans í samræmi við verndaráætlun og staðfest skipulag.

Umhverfisstofnun setur þjóðgarðsverði erindisbréf. Þjóðgarðsvörður skal vera búsettur í Skaftafelli.

4. gr.

Umhverfisstofnun ræður starfsmenn þjóðgarðsins að fengnum tillögum þjóðgarðsvarðar og setur þeim starfsreglur. Þeim skulu fengin sérstök auðkenni og skilríki, er sanni heimildir þeirra til framkvæmdar á reglugerð þessari og fyrirmælum þjóðgarðsvarðar.

III. KAFLI Mörk þjóðgarðsins.

5. gr.

Mörk þjóðgarðsins eru eftirfarandi sbr. kort í fylgiskjali með reglugerð þessari: Dregin er lína úr punkti í jaðri Austurtungnajökuls þar sem Lambatungnaá rennur undan jökli, eftir jökuljaðri að Þverártindsegg, eftir Þverártindsegg að punkti 637344, 417067 í suðurjaðri Snæfells, þaðan beina línu í punkt 627386, 415828, þaðan beina línu í Tjaldmýri í Esju-fjöllum, þaðan beina línu í Kaplaklif í Mávabyggðum, þaðan beina línu eftir sveitarfélagamörkum sem voru milli Sudursveitar og Örefa að jaðri Breiðamerkurjökuls, þaðan eftir jökuljaðri, að landamerkjum Svínafells og Skaftafells II í jaðri Svínafellsjökuls, þaðan eftir framlengdri þeirri landamerkjalinu á Svínafellsjökli að skurðpunkti við stefnulínu sem dregin er úr merki við Gömlutún og um fremstu nöf Hafrafells, þaðan eftir þeirri línu um fremstu nöf Hafrafells og í merkið við Gömlutún, þaðan að mörkum Austur- og Vestur-Skaftafellssýslna á Skeiðarársandi við þjóðveg 1. Þaðan er dregin lína í norður eftir sýslumörkum í jaðar Skeiðarárjökuls, þaðan eftir jökuljaðri að skurðpunkti línu sem dregin er beint frá jökuljaðri í tind Varmárfells (664 m á korti Herforingjaráðs frá 1938) um efsta tinds Blængs (833 m á sama korti), eftir þeirri línu í tind Varmárfells, þaðan í tind Hnútu, þaðan í tind á Úlfarsdalsskerjum (738 m á sama korti), þaðan í beina línu í jökuljaðar um Tröllhamar (tindur 731 m á sama korti). Þaðan eftir jaðri Tungnárjökuls að skurðpunkti framlengdrar línu sem dregin er úr Bárðarbungu um Hamar og í jökuljaðar, eftir þeirri línu að Bárðarbungu, þaðan beina línu í punkt 579298, 443594 og svo í punkta 579971, 444027; 592561, 436434;

639750, 439654; 669718, 459738; 671209, 458227 og 672355, 457870, þaðan eftir miðju Austurtungnajökuls í upptök Lambatungnaár í jökuljaðri. Ærfjall að jökuljaðri umhverfis fjallið telst þó ekki innan marka þjóðgarðsins. Öll hnit eru í Ísnet93. Þar sem mörk eru dregin eftir jökuljaðri er miðað við stöðu hans 1. júlí 1998.

IV. KAFLI Réttindi og skyldur gesta.

6. gr.

Þjóðgarðurinn er opinn gestum allt árið og fara gestir um hann á eigin ábyrgð.

Þjónusta og upplýsingar eru veittar á starfsstöðvum þjóðgarðsins í Skaftafelli, á Höfn og á Kirkjubæjarklaustri.

Heimilt er þjóðgarðsverði að loka þjóðgarðinum eða einstökum svæðum hans fyrirvaralaust ef þjóðgarðsvörður telur að dvöl manna eða umferð geti spillt gróðri eða jarðmyndunum. Þjóðgarðsvörður skal kynna slíkar ákvarðanir á fundum ráðgjafarnefndar.

7. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og snyrtilega um þjóðgarðinn. Ekki má spilla þar gróðri, trufla dýralíf né hrófla við jarðmyndunum.

Notkun skotvopna er bönnuð í þjóðgarðinum. Veiðar á mink og ref eru þó heimil samkvæmt ákvörðun Umhverfisstofnunar.

8. gr.

Gangandi fólk í þjóðgarðinum skal gæta þess að valda ekki spjöllum á gróðri eða jarðmyndunum. Fylgja skal merktum gönguleiðum, en annars hefðbundnum gönguleiðum þar sem við verður komið eða fyrirmælum starfsmanna þjóðgarðsins. Á sérstaklega viðkvæmum svæðum, svo sem mosavöxnum gígum Lakagíga, er óheimilt að fara út fyrir göngustíga.

9. gr.

Öll umferð með hesta um þjóðgarðinn er óheimil nema á merktum reiðleiðum og afmörkuðum áningastöðum. Þjóðgarðsvörður getur veitt tímabundna undanþágu frá þessu ákvæði vegna smölunar búfjár.

Leyfi þjóðgarðsvarðar þarf til þess að slá upp aðhöldum. Rekstur lausra hrossa innan þjóðgarðsins er bannaður. Ef um hópferð á hestum er að ræða þarf leyfi þjóðgarðsvarðar til þess að fara eftir reiðleiðum innan þjóðgarðsins og getur hann sett skilyrði um ferðamáta í samræmi við ákvæði verndaráætlunar.

10. gr.

Öll umferð reiðhjóla er óheimil utan akvega, bílastæða og merktra reiðhjólaleiða.

11. gr.

Umferð á vélknúnum ökutækjum í þjóðgarðinum utan jökla er ferðamönnum aðeins heimil á vegum og bílastæðum.

Heimilt er að fara um Vatnajökul á vélknúnum ökutækjum nema á þeim leiðum sem merktar hafa verið til annarra nota, sbr. 3. mgr.

Eftirfarandi svæði eru lokuð fyrir umferð vélknúinna ökutækja, nema að fengnu leyfi þjóðgarðsvarðar. Öll hnit eru í Ísnet93:

- a. Hvannadalshnjúkur – allt árið, innan ramma sem afmarkast af hnitunum 612950, 392450; 614190,392450; 614190,391580; 612950,391580.

- b. Öræfajökull sunnan Snæbreiðar frá 15. apríl til 15. september. Afmarkast af línu milli hnitpunktanna 610110,395365 og 620050,393157.
- c. Skeiðarárjökull frá 15. apríl til 15. september. Afmarkast af línu milli hnitpunktanna 581956,409340 og 591234,403747.

12. gr.

Gæludýr er einungis heimilt að vera með á svæði þjóðgarðsins utan jökla að þau séu í tryggri vörslu umráðamanna sinna og að fengnu leyfi starfsmanna þjóðgarðsins. Hundar og kettir skulu vera í ól eða búri. Gæta skal þess að gæludýr valdi ekki truflunum á lífríki þjóðgarðsins eða ónæði fyrir gesti.

13. gr.

Óheimilt er að kveikja eld á víðavangi. Með sérstöku leyfi þjóðgarðsvarðar er heimilt að kveikja varðeld, en aðeins á sérstöku eldstæði eða á ógrónu landi.

14. gr.

Utan jökla skal tjalda á merktum tjaldsvæðum innan þjóðgarðsins. Þjóðgarðsvörður getur þó heimilað göngufólki að tjalda utan merktra tjaldsvæða. Tjaldvagna, húsbíla og hjólhýsi skal hafa á þar til ætluðum svæðum.

15. gr.

Skylt er gestum í þjóðgarðinum að hlíta fyrir mælum þjóðgarðsvarðar og annarra starfsmanna þjóðgarðsins hvað snertir umgengni og háttsemi í þjóðgarðinum.

V. KAFLI

Lífríki og landslag.

16. gr.

Við verndun lífríkis í þjóðgarðinum skal taka mið af því að náttúra svæðisins fái að þróast eins og kostur er eftir eigin lögmálum. Taka skal mið af alþjóðlegum samningum eins og samningi um líffræðilega fjölbreytni og samningi um verndun villtra plantna og dýra og búsvæða þeirra í Evrópu. Flutningur á plöntum, fræjum, dýrum og öðrum lífverum í þjóðgarðinn er háður leyfi Umhverfisstofnunar.

17. gr.

Framkvæmdir innan þjóðgarðsins skulu taka mið af því að þær falli að svipmóti lands.

VI. KAFLI

Starfsemi í þjóðgarðinum.

18. gr.

Hvers konar atvinnustarfsemi og samkomuhald í þjóðgarðinum er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Sama gildir um kvikmynda- og auglýsingagerð innan þjóðgarðsins. Ferðaþjónusta innan þjóðgarðsins skal skipulögð á grundvelli sjálfbærrar ferðaþjónustu.

Hefðbundin landnot, þ.e. sauðfjárbætur og veiði í vötnum er rétt höfum heimil í Laka-gígum. Að öðru leyti er búskapur í þjóðgarðinum háður samþykki Umhverfisstofnunar sem ákveður hvernig honum skuli hagað. Í verndaráætlun skal kveðið á um lausagöngu búfjár.

19. gr.

Öll mannvirkjagerð, efnistaka og hvers konar annað jarðrask í þjóðgarðinum er háð leyfi Umhverfisstofnunar.

20. gr.

Rannsóknir á náttúrufari og menningarminjum í þjóðgarðinum eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

VII. KAFLI
Lokaákvæði.

21. gr.

Umhverfisstofnun skal gera tillögu að verndaráætlun og landnotkun fyrir þjóðgarðinn sem ráðherra staðfestir.

22. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Þjóðgarðsverði eða öðrum starfsmönnum þjóðgarðsins er heimilt að vísa þeim sem brýtur ákvæði reglugerðar þessarar úr þjóðgarðinum. Þjóðgarðsvörður skal kynna öll slík atvik á fundum ráðgjafarnefndar.

23. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 52. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 319/1984, um þjóðgarð í Skaftafelli, með síðari breytingum og auglýsing nr. 215/1975, um friðland í Laka-gígum. Auglýsing nr. 188/1978, um friðland í Esjufjöllum heldur gildi sínu.

Umhverfissráðuneytinu, 28. október 2004.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Magnús Jóhannesson.

STARFSREGLUR

stjórnar Tryggingastofnunar ríkisins.

1. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar fimm menn í stjórn Tryggingastofnunar ríkisins eftir hverjar alþingiskosningar og skal einn skipaður formaður stjórnar og annar varaformaður. Skipaðir skulu jafnmargir menn til vara. Stjórnarmenn skulu sinna starfi sínu af trúmennsku og í samræmi við þá stefnu sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur hverju sinni mótað í málefnum Tryggingastofnunar ríkisins.

2. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda eigi sjaldnar en annan hvern mánuð og stýrir þeim. Forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins situr fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögu-rétti. Formaður stjórnar ásamt forstjóra undirbúa fundi hennar. Forstjóri sér um að framkvæma ákvarðanir stjórnarinnar.

3. gr.

Stjórn Tryggingastofnunar ríkisins skal staðfesta skipulag stofnunarinnar, árlega starfsáætlun, fjárhagsáætlun og ársreikninga og marka stofnuninni langtímastefnu í samráði við forstjóra hennar. Skal stjórnin hafa eftirlit með starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og að rekstur stofnunarinnar sé innan ramma fjárlaga á hverjum tíma. Þá skal stjórnin tilnefna fulltrúa Tryggingastofnunar ríkisins í samninganefnd samkvæmt 4. mgr. 42. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu og fulltrúa í nefnd (siglinganefnd) samkvæmt 35. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

4. gr.

Formaður stjórnar Tryggingastofnunar ríkisins skal eigi sjaldnar en tvisvar á ári gera heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra grein fyrir starfsemi stofnunarinnar. Þá skal formaður stjórnar gera ráðherra viðvart ef starfsemi og þjónusta er ekki í samræmi við ákvæði laga og ef rekstur stofnunarinnar er ekki í samræmi við fjárlög.

5. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ákveður þóknun til stjórnarmanna sem skal greidd af rekstrarfé Tryggingastofnunar ríkisins.

6. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með stoð í 3. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 5. október 2004.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

AUGLÝSING

Ríkisskattstjóra nr. 12/2004 um framlengingu á fresti skattstjóra til að úrskurða kærur vegna álagningar opinberra gjalda einstaklinga 2004.

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið með vísan til 120. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, að framlengja þann tveggja mánaða frest, sbr. 99. gr. tilvitnaðra laga, sem skattstjórur er settur til að úrskurða þær kærur, er bárust fyrir lok kærufrests þann 30. ágúst sl. vegna þeirrar álagningar á einstaklinga, sem auglýst var lokið í 92. (sbr. 96.) tbl. Lögbirtingablaðs 30. júlí 2004.

Samkvæmt framansögðu framlengist ofangreindur frestur til 8. febrúar 2005. Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Reykjavík, 28. október 2004.

Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri.

22. október 2004

Nr. 882

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra.

1. gr.

Fyrir tákmalnámskeið fyrir einstakling ásamt námsefni skal innheimta kr. 10.550 og er þá miðað við 20 stunda námskeið. Fyrir tákmalnámskeið fyrir hópa skal innheimta kr. 70.000 og er þá miðað við 20 stunda námskeið. Fyrir námskeið af annarri lengd skal greiða hlutfallslega miðað við stundafjölda. Forráðamenn heyrnarlausra barna skulu þó ekki greiða námskeiðsgjöld.

2. gr.

Fyrir ráðgjöf og túlkun skal innheimta kr. 4.550 á klst.

Samskiptamiðstöð er heimilt að veita endurgjaldlausu túlkapjónustu vegna daglegs lífs og greiða ferðakostnað tákmalstúlks utan Reykjavíkursvæðisins vegna þess, á grundvelli sérstakrar fjárveitingar á fjárlögum ár hvert og skv. nánari reglum eða viðmiðunum sem stofnunin setur í samráði við Félag heyrnarlausra. Við setningu þeirra skal gæta jafnræðis milli notenda þjónustunnar með tilliti til þeirrar fjárveitingar sem veitt er árlega á fjárlögum til tákmalstúlkunar í daglegu lífi.

3. gr.

Stjórn Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarkertra ákveði verð myndbanda og námsefnis hverju sinni.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 129/1990 um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 944/2002 fyrir Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra.

Menntamálaráðuneytinu, 22. október 2004.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Árnason.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í sameinuðu sveitarfélagi Austur-Héraðs, Fellahrepps og Norður-Héraðs.

Deiliskipulag þéttingar íbúðabyggðar við Miðgarð, Egilsstöðum.

Bæjarstjórn Austur-Héraðs samþykkti þann 15. október 2003 deiliskipulag fyrir þéttingu byggðar við Miðgarð á Egilsstöðum. Á svæðinu eru fyrir 5 parhús. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 2 parhúsaloðum til viðbótar, auk einnar lóðar fyrir einbýlishús. Þá eru skilgreind sameiginleg bílastæði fyrir hverfið í heild sinni.

Ofangreint deiliskipulag hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Egilsstöðum, 1. nóvember 2004.

Þórhallur Pálsson skipulagsfulltrúi.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1058/2003 um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra.

1. gr.

4. gr. orðast svo:

Helstu verkefni Samskiptamiðstöðvar við táknmálstúlkaþjónustu eru annars vegar að veita táknmálstúlkaþjónustu gegn gjaldi eða endurgjaldslaust skv. nánari ákvæðum í gjaldskrá sbr. 4. mgr. 5. gr. og hins vegar að veita túlkanemum á háskólastigi verklega þjálfun samkvæmt sérstökum samningum við stofnanir sem annast menntun táknmálstúlka.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 2. mgr. 2. gr. laga um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra nr. 129/1990 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 22. október 2004.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Árnason.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
882	22. okt.	Auglýsing um gjaldskrá fyrir Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	2167
883	1. nóv.	Auglýsing um deiliskipulag í sameinuðu sveitarfélagi Austur-Héraðs, Fellahrepps og Norður-Héraðs	2168
884	22. okt.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1058/2003 um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	2168

